

***„Mér finnst það bara verða grófara og grófara“
Upplifun ungra karla á kynlífsmenningu framhaldsskólanema***



**JAFNRÉTTISSJÓÐUR
ÍSLANDS**

Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir og Þórður Kristinsson
Reykjavík 2018

Útdráttur

Kynlífsmenning innan félagslífs framhaldsskólanema hefur breyst hratt á undanförunum árum. Með öflugri internettengingu og tilkomu samfélagsmiðla hefur umræða um kynferðismál breyst og er hún óþvingaðri en áður. Á sama tíma hefur aðgangur að klámi aldrei verið eins óheftur og margt sem bendir til þess að klámvæðingin hafi þónokkur áhrif á samskipti kynjanna. Í þessari rannsókn er leitast við að varpa ljósi á upplifun ungra karla á þeirri kynlífsmenningu sem þeir búa við í dag. Byggt er á samskonar rannsókn frá 2015 sem sýndi upplifun ungra kvenna á kynlífsmenningunni. Tilgangur rannsóknarinnar er að rýna í þá þætti sem helst hafa áhrif á hugmyndir ungra karla um kynlíf, hvort þeir upplifa einhverskonar kynferðislegan þrýsting og þá hvernig hann birtist. Einnig er skoðað hvernig viðmælendur upplifa jafnrétti í kynlífi og hver upplifun þeirra er af þeirri kynfræðslu sem þeir hafa fengið. Rannsóknin er byggð á eigindlegum rannsóknaraðferðum þar sem tekin voru hálfopin viðtöl við tólf unga karla, tvö rýnihópaviðtöl og sex einstaklingsviðtöl. Viðmælendur koma úr mismunandi framhaldsskólum, bæði frá höfuðborgarsvæðinu og af landsbyggðinni. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að félagsþrýstingur hafi töluverð áhrif á kynlífsmenningu ungra karla ásamt klámneyslu sem einnig hefur mótandi áhrif. Ungir karlar telja ekki sömu reglur gilda um kynhegðun karla og kvenna og eru sammála um að strákum leyfist töluvert meira í kynferðislegum málefnum. Viðmælendur telja einnig að félagslegum þáttum kynfræðslu sé ekki nægilega vel sinnt í skólakerfinu. Í skýrslunni má sjá samanburð á niðurstöðum beggja rannsókna.

Efnisyfirlit

Inngangur.....	4
Fræðilegur bakgrunnur.....	5
<i>Kynjakerfið</i>	5
<i>Kynlífsmenning</i>	6
<i>Kynheilbrigði</i>	7
<i>Kynlífsmenning ungs námsfólks</i>	9
<i>Útlit og hárvöxtur</i>	10
<i>Klám</i>	11
<i>Kynfræðsla</i>	13
Aðferðafræðikafli.....	15
<i>Undirbúningur</i>	15
<i>Eigindlegar rannsóknir</i>	15
<i>Viðtöl og rýnihópar</i>	17
<i>Þátttakendur, val og aðgengi</i>	17
<i>Gagnaöflun</i>	18
<i>Úrvinnsla og greining gagna</i>	19
<i>Siðferðileg álitamál</i>	19
<i>Samantekt</i>	20
Niðurstöður	20
Kynferðisleg reynsla.....	20
<i>Að missa sveindóminn</i>	21
<i>Að deila reynslunni</i>	22
<i>Ávallt reiðubúinn til samfara og frammistöðukvíði</i>	24
<i>Þrýstingur og samfélagsmiðlar</i>	25
<i>Útskriftarferð og þrýstingur</i>	26
Útlitskröfur.....	26
<i>Strákastaðlar</i>	27
<i>Stelpustaðlar</i>	28
<i>Samfélagsmiðlar</i>	28
<i>Skapahár</i>	29
<i>Útlit kynfæra</i>	32

Druslustimplun – Kóngur eða drós?	33
Klám	35
<i>Áhrif kláms á hugmyndir ungra karla um líkama og kynlíf</i>	37
<i>Samanburður á upplifun</i>	39
Kynfræðsla.....	39
<i>Samanburður á upplifun</i>	41
Umræður.....	42
Lokaorð.....	43
Tillögur	44
Heimildaskrá	45

Inngangur

„Hvað með strákana?“ var iðulega ein af fyrstu spurningunum sem Kolbrún fékk þegar hún fór á milli framhaldsskóla og kynnti rannsókn sína á upplifun ungra kvenna af kynlífsmenningu framhaldsskólanema¹. Í rannsókn hennar var ein mest áberandi niðurstaðan að stelpur upplifa töluverðan þrýsting til að stunda kynlíf eða taka þátt í kynferðislegum athöfnum. Áheyrendur virtust gjarnan vera ósammála um hvort að strákar upplifa líka álíka þrýsting eða ekki. Að kynningu lokinni fór því oftast en ekki svolíttími í það hverju sinni að velja fyrir sér spurningum sem í raun voru ekki hluti af niðurstöðum rannsóknarinnar. Við þessum auðsýnilega áhuga á hlutdeild karla var einungis hægt að benda á að rannsóknin beindist ekki að upplifun strákanna, að það væri efni í aðra rannsókn. Það var svo einmitt við slíkar aðstæður, þar sem Kolbrún var að kynna rannsóknarniðurstöður sínar fyrir nemendum í Kvennaskólanum í Reykjavík, að ákvörðun um að hrinda þeirri rannsókn í framkvæmd var tekin. Stefnan var tekin á samvinnuverkefni Kolbrúnar og Þórðar þar sem rýnt yrði í upplifun ungra karla á kynlífsmenningunni. Jafnréttissjóður Íslands og Forvarnarsjóður Reykjavíkur veittu styrki til síðari rannsóknarinnar.

Helsta markmið þessarar síðari rannsóknar var því að bera saman upplifun ungra karla við upplifun ungra kvenna á þeirri kynferðislegu menningu og þeirri orðræðu sem einkennir kynlíf ungs fólks í dag. Aðferðafræðin var sú sama, það er að taka einstaklings- og rýnihópaviðtöl þar sem raddir 11 ungra karla úr ólíkum áttum fengu að hljóma. Á sama hátt og í rannsókninni á ungu konunum skoðuðum við hvaða þættir hafa helst áhrif á kynlífsmenninguna og hvernig jafnrétti kynjanna birtist í menningunni. Eftirfarandi rannsóknarspurningar voru hafðar að leiðarljósi: Hver er upplifun ungra karla á kynlífstengdri orðræðu og atburðum innan félagslífs framhaldsskólanema? Upplifa ungir karlar þrýsting til að stunda kynlíf og taka þátt í ákveðnum kynlífsathöfnum? Hvaðan kemur sá þrýstingur og hver er birtingarmynd hans? Hvernig upplifa ungir karlar áhrif kynlífs- og klámvæðingar á kynlífsmenningu framhaldsskólanema? Með hvaða hætti upplifa ungir karlar kynjajafnrétti í kynlífsmenningu framhaldsskólanema? Hvernig upplifa ungir karlar þá kynfræðslu sem þeir hafa fengið á skólagöngu sinni? Með þessar spurningar að leiðarljósi höfum við fengið nokkuð skýra mynd af þeirra upplifun á sömu þáttum og ungu konurnar í fyrri rannsókninni.

Í þessari skýrslu geta lesendur kynnt sér þann fræðilega bakgrunn sem liggur að baki rannsókninni og stutta umfjöllun um aðrar rannsóknir sem koma inn á

¹ Í þessari rannsókn sem og í fyrri rannsókn Kolbrúnar er fyrst og fremst horft til upplifunar síð-kynja gagnkynhneigðra einstaklinga. Áhugavert væri að fá frekari rannsóknir þar sem fleiri hópar væru teknir fyrir.

kynlífsmenningu ungmenna. Þá er aðferðafræði rannsóknarinnar kynnt og því lýst hvernig einstaklings- og rýnihópaviðtölin voru skipulögð. Þar á eftir má lesa niðurstöður um upplifun viðmælenda okkar, með samanburði á sýn kvennanna og karlanna sem við ræddum við. Í lokin eru umræður um niðurstöðurnar og hvaða hlutverki þessar niðurstöður geta gegnt í því að vekja athygli á og koma á jákvæðum og uppbyggilegum umræðum um kynlífsmenningu ungmenna (og þeirra eldri) í samfélaginu í dag.

Fræðilegur bakgrunnur

Í þessari rannsókn er stuðst við sama fræðilega bakgrunn og í fyrri rannsókn Kolbrúnar enda er um sama rannsóknarefni að ræða, nema annað kyn. Nýjum rannsóknum og rannsóknum sem einblína á karlmennsku eða upplifun karla á kynlífi hefur þó verið bætt við. Hér á eftir verður farið yfir helstu hugtök sem notuð eru til greiningar á niðurstöðum og sagt frá niðurstöðum annarra rannsókna sem styðja við efni þessarar rannsóknar.

Kynjakerfið

Eitt mikilvægasta grunnhugtak rannsókna þar sem kynjabreytan er skoðuð er *kynjakerfið* (e. gender system) en það vísar til þess hvernig samfélagið greinir á milli kvenna og karla, hverjar eru væntingar til fólks eftir því hvernig það flokkast í þessa kynjaflokka. Þrátt fyrir að á síðustu árum hafi verið bent á þá heftingu og takmörkun sem slík flokkaskipting felur í sér, þar sem kynin séu í reynd fleiri en bara tvö þá er enn að mestu gengið út frá þessari tvíflokkun (Butler, 2006). Frá fæðingu og jafnvel strax í móðurkviði eru börn staðsett í „réttum“ flokki út frá líffræðilegu kyni samkvæmt væntingum samfélagsins. Hvorum flokki fyrir sig fylgja ákveðnir eiginleikar, venjur og skráðar og óskráðar reglur um framkomu og hegðun. Það sem tilheyrir karlahópnum og telst til karlmennsku er flest það sem aðgreinir þá frá kvenleikanum. Í karlmennsku eru fólgnir eiginleikar eins og agi, líkamlegur styrkur, rökvísi og samkeppni og er hugtakið gjarnan tengt völdum og styrk. Á móti fela hinir kvenlegu eiginleikar í sér valdaleysi og viðkvæmni enda einkennast þeir af þáttum eins og samviskusemi, góðmennsku og tilfinningasemi (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004).

Flokkarnir byggja á því að kvenleikinn og karlmennskan séu ólíkir pólar og það sem aðgreinir þá sé einmitt aflið sem dregur þá að hvor öðrum. Með því að sameina þessa ólíku póla, þar sem hver aðili sinnir sínu ætlaða hlutverki, viðhelst gangverk samfélagsins. Þannig er gert ráð fyrir skyldubundinni gagnkynhneigð í samfélaginu og samkynhneigðir falla því neðar í virðinga- og valdastiganum (Connell, 1987). Sylvia Walby (1997) talar um kynjakerfi þegar hún útskýrir hvernig samfélagið leitast við að flokka einstaklingana niður eftir kyni. Hún bendir okkur á að hér sé um að ræða

ævagamalt félagslegt valdakerfi sem ekki aðeins aðgreinir kynin heldur viðheldur órétti og valdamisræmi á milli þeirra. Þannig fylgi þeim eiginleikum sem karlmenskunni eru ætlaðir völd og rými á meðan konurnar fá valdaleysi og undirskipun í vöggugjöf. Walby tekur þó fram að ekki sé sjálfgefið að allir karlar græði á kynjakerfinu og hafi aðgang að völdum og rými og að ekki séu allar konur sjálfkrafa undirskipaðar. Kerfið er fljótandi, það er bæði sýnilegt og falið, tekur breytingum eftir stað og stund en teygir anga sína inn á flesta fleti þjóðlífsins. Kerfið má finna bæði á opinbera sviðinu sem og á einkasviðinu og skiptir Walby því niður á sex svið: Vinnumarkað, fjölskyldu, menningu, kynverund, ofbeldi og ríkisvald (Þorgerður Einarsdóttir, 2006). Kynjakerfið getur tengst á milli sviða eða verið missterkt eftir sviðum, tíma og rúmi. Þrátt fyrir að kerfið sé breytilegt er það þannig úr garði gert að innan þess virðist alltaf vera rými til að viðhalda valdamisræmi kynjanna körlum í hag. Allir geta tekið þátt í að viðhalda kynjakerfinu, jafnvel án þess að gera sér nokkra grein fyrir því (Gerður Bjarnadóttir og Guðný Guðbjörnsdóttir, 2011).

Það má segja að kynjakerfið sé falið í menningu okkar og vegna þess að við lifum og hrærumst í hringiðu kerfisins þá er það gjarnan hulið augum okkar. Við teljum valdamisræmið jafnvel vera eðlilegt og gerum því sjaldnast athugasemdir við misskiptinguna. Það kallast að vera undir áru kynjajafnréttis þegar fólk telur að jafnrétti sé náð og að allir hafi sömu tækifæri óháð kyni þrátt fyrir að sú sé ekki raunin (Gyða Margrét Pétursdóttir, 2012). Í grein Þorgerðar Einarsdóttur (2006) um kynjakerfi Sylvíu Walby má sjá hvernig hún tengir það við íslenskan veruleika. Í kaflanum um kynverundina bendir hún á að á undanförunum árum hafi margt breyst varðandi kynverund kvenna. Konur eru í dag um margt frjálssari kynferðislega en áður. Árið 1975 voru lög sett á Alþingi um ráðgjöf og fræðslu um kynlíf, barneignir, ófrjósemisaðgerðir og fóstureyðingar (Lög um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir, 1975). Með tilkomu þeirra laga átti að auðvelda almenningi aðgengi að getnaðarvörnum og jafnvel var samþykkt að niðurgreiða getnaðarvarnirnar. Lögin voru stórt framfaraskref í kynheilbrigðismálum þar sem með þeim var viðurkennt að fólk stundaði kynlíf ekki eingöngu í frjósemistilgangi. Þorgerður bendir þó réttilega á að með auknu kynfrelsi fylgi ákveðnir þættir sem eru konum ekki eins mikið í hag. Þannig hefur klámframleiðsla aukist verulega, konur eru kynferðislega hlutgerðar og krafan á konuna sem kynferðislegt viðfang karla hefur stórauðist. Allt þetta má segja að hafi áhrif á hvernig menning okkar hefur þróast hvað varðar væntingar til kynlífs og þess sem því tengist.

Kynlífsmenning

Til eru margar skilgreiningar á því hvað telst almennt vera menning og hvað ekki. Menningarstofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, skilgreinir menningu á þessa leið:

„...samsafn þeirra trúarlegu, efnislegu, vitrænu og tilfinningalegu þátta sem einkenna hvert samfélag eða samfélagshóp. Listir og bókmenntir teljast til menningar, en einnig lífsstíll, sambúðarform, mannleg gildi, hefðir og skoðanir.“(UNESCO, 2002). Innan mannfræðinnar má einnig finna fjölmargar skilgreiningar, margar hverjar eru svipaðar en með örlitlum áherslumun. Margir fræðimenn hafa reynt að fanga allt það sem hið yfirgripsmikla hugtak felur í sér í nokkrum setningum. Clifford Geertz (1973) er einn þeirra. Hann skilgreinir menningu á þann hátt að hún feli í sér það hegðunarmynstur, skoðanir, hefðir og hæfileika fólks sem það hefur lært í félagslegum samskiptum innan þess samfélags sem það býr í. Þar sem hér í okkar heimshluta ríkja ákveðin gildi, hefðir og skoðanir almennt í tengslum við kynverund fólks og undirflokka hennar, svo sem kynlífsheilbrigði, kynhneigð og kyngervi, verður það dregið saman hér á eftir undir yfirheitinu Kynlífsmenning. Í skýrslunni er upplifun ungra karla á þeirri kynlífsmenningu sem þeir búa við skoðuð og er því sjónum að mestu leyti beint að kynlífsmenningu ungmenna og kynlífsmenningu karla og hún borin saman við kynlífsmenninguna eins og ungar konur upplifa hana.

Kynheilbrigði

Stór hluti af kynlífsmenningu eru ríkjandi hugmyndir um kynheilbrigði, en það hugtak nær yfir líkamlega, tilfinningalega, andlega og félagslega velferð í tengslum við kynverund; það snýst ekki eingöngu um það að vera laus við kynsjúkdóma, kynlífsvandamál eða heilsubrest. Kynheilbrigði krefst jákvæðs hugarfars og virðingar gagnvart kynverund og kynferðislegum samböndum, ásamt þeim möguleikum að geta átt ánægjuleg og örugg kynferðisleg samskipti, án þvingana, misréttis og ofbeldis. Til þess að ná fram og ná að viðhalda kynheilbrigði verður að virða, vernda og uppfylla kynheilbrigði alls mannfólks (World Association for Sexual Health, 2013). Hluti kynheilbrigðis er kynlífsheilbrigði, en það er sá hluti sem fjallar um „...samspil líkamlegra, andlegra, félagslegra og tilfinningalegra þátta sem stuðla að vellíðan fólks bæði varðandi kynlíf og frjósemi. [...] Kynlífsheilbrigði lýtur að heilbrigðu kynlífi fólks og einkennandi þáttum þess. Það varðar tilfinningar, langanir og þörf mannsins fyrir ástríki.“ (Sóley S. Bender, 2006a)

Kynjavinkill kynheilbrigðis birtist meðal annars í hversu vel kynin þekkja eigin líkama og hversu vel þau þekkja eigin kynlífslanganir áður en þau fara að stunda kynlíf með öðrum. Leitenberg, Detzer og Srebniak (1993) hafa rannsakað kynjamismun í tengslum við sjálfsfróun og rýndu í tengslin á milli sjálfsfróunar og kynhegðunar unglinga. Þau komust að því að margfalt fleiri strákar stunda sjálfsfróun, þeir byrja fyrr og fróa sér þrisvar sinnum oft en stelpur. Sjálfsfróun er einn af þeim þáttum sem geta haft áhrif á það hversu jafnt kynin standa þegar kemur að fyrstu samförum. Leitenberg og félagar bentu því á mikilvægi þess að stelpur væru hvattar til þess í kynfræðslu að

kynnast líkama sínum sjálfar. Þannig væru strákar ekki í yfirburðastöðu gagnvart stelpunum heldur gætu kynin mest á jafnréttisgrundvelli þar sem báðir aðilar leituðu kynferðislegrar ánægju. Upplifun stelpna getur aldrei staðið jafnfætis upplifun stráka þegar kemur að fyrstu kynmökum þegar strákar hafa margoft fengið fullnægingu í gegnum sjálfsfróun en stelpur hafa jafnvel aldrei snert kynfæri sín.

Á meðan kynheilbrigðisvinkillinn birtist skekkur á líkamlega skalanum og hallar þannig á konur þá birtist hann einnig skekkur og hallar á karla þegar kemur að tilfinningaskalanum. Tolman og félagar (2003) settu saman kynheilbrigðislíkan sem ætlað var að skoða stöðu unglingsstráka sérstaklega. Þau komust að því að strákar búa við ýmsar félagslegar hömlur sem samfélagið hefur búið til. Gerðar eru beinar og óbeinar kröfur á stráka að þeir efli karlmennsku sína og eltist við kynlíf án tilfinninga. Þeir eru gjarnan settir fram sem kynferðislegir árásarmenn sem láti eingöngu stjórnast af losta. Þeir eigi að gera tilkall til kynlífs og eltast óhræddir við langanir sínar. Vinahópurinn hefur mikil áhrif og til að sanna karlmennsku sína gagnvart hópnum líti strákar á stelpur sem kynferðisleg viðföng. Þegar kynheilbrigðislíkanið var borið saman við kynheilbrigðislíkan sem ætlað var stelpum kom í ljós að á margan hátt eru þau ólík þar sem gerðar eru mismunandi væntingar til kynjanna en á margan hátt fléttast þau einnig saman. Í raun eru bæði kynin að reyna að uppfylla hinar karllægu væntingar samfélagsins. Stelpur og strákar reyna að gangast upp í þeirri forskrift sem er ríkjandi hverju sinni um „eðlilega kynlífshegðun“, hvernig kynlíf fólks á að fara fram og með hverjum eða það sem hefur stundum verið kallað kynlífshandritið.

Hugmyndin um kynlífshandrit (e. sexual script) er ekki ný af nálinni. Ken Plummer prófessor í félagsfræði við háskólann í Essex hefur skrifað mikið um kynheilbrigðismál og í grein sinni *The social reality of sexual rights* (2012) bendir hann á að John Gagnon og William Simon hafi fyrstir sett fram hugmyndina um slík handrit árið 1973. Gagnon starfaði hjá Kinsey stofnuninni í Bandaríkjunum þar sem almennt var gengið út frá því að kynhvöt og kynhegðun manna stjórnaðist að mestu leyti út frá líkamlegum hvötum. Gagnon var ósammála þessari hugmynd því hann taldi að allt í tengslum við kynlíf væri undir miklum félagslegum áhrifum. Hann réð Simon til sín og í sameiningu skoðuðu þeir sérstaklega hversu félagsleg athöfn kynlíf er. Þeir félagar yfirgáfu Kinsey stofnunina og settu fram þessa nýstárlegu kenningu. Þeir fullyrtu að kynverund fólks væri að verulegu leyti stjórnað af samfélaginu og gildum þess. Þeir sögðu einnig að kynlífsmenningin á hverjum stað og hverjum tíma fyrir sig móti nokkurs konar kynlífshandrit sem þegnarnir fara eftir. Þeir töldu þrjá meginþætti bera handritið uppi, í fyrsta lagi formgerð samfélagsins sem viðkomandi býr í og félagsleg staða (e. cultural scenarios), í öðru lagi sú hegðun og framkoma sem ætlast er til af viðkomandi í samræmi við hefðir og gildi samfélagsins (e. interpersonal script) og í þriðja lagi hið persónulega handrit (e. intrapsychic script) sem geymir langanir, hvatir og þrár hvers einstaklings sem mótast hefur af þeim veruleika sem hann hefur alist upp í. Gagnon og Simon töldu að þar sem samfélagið gerir ekki sömu kröfur til allra, til dæmis gilda önnur viðmið fyrir konur og

karla og eins samkynhneigða og gagnkynhneigða, þá væru í raun ótal afbrigði af kynlífshandritum til. Hvert handrit fyrir sig inniheldur skýr viðmið þar sem fram kemur hver gegnir hvaða hlutverki og á móti hverjum hver og einn leikur, hver má gera hvað og hvernig (Plummer, 2012; Escoffier, 2007).

Ein birtingarmynd þess hvernig kynlífshandrit getur verið mismunandi eftir kynjum er viðhorf þeirra til fjölda bólfélaga. Hið kynferðislega orðspor skiptir bæði kynin miklu máli, en á mismunandi hátt. Strákarnir þurfa ekki að hafa áhyggjur af slæmu orðspori þar sem það þykir karlmannlegt að hafa mikla reynslu á kynlífssviðinu. Á vissan hátt er það samþykkt að kynlíf sé leikur og keppni fyrir stráka en stelpur séu kynferðisleg viðföng fyrir þá til að eltast við (Apolo, Gonick og Harris, 2004). Á sama tíma hafa stelpur áhyggjur af druslustimplun, nokkuð sem karlar virðast mun minna þurfa að óttast að festist við sig.

Í bók Holland og félaga *The male in the head* (1998) sem byggir á niðurstöðum úr rannsóknum þeirra á kynverund unglunga kom fram að í tengslum við kynlíf óttast stelpur mun meira að fá á sig druslustimpil heldur en að fá kynsjúkdóm. Þetta viðhorf stelpnanna er ef til vill ekkert skrýtið því í rannsóknum Holland og félaga komu í ljós afar áberandi ólík skilaboð til kynjanna varðandi kynhegðun. Strákar hafa leyfi til að prófa sig áfram, eiga marga bólfélaga og þykja svalir fyrir það. Stelpur hafa ekki þetta sama leyfi og fá afar fljótt á sig druslustimpil ef þær halda sér ekki innan hins kvenlega ramma. Það sem athygli vekur er að bæði kynin styðja fast við þessa hefð og eru jafnhörð á stimpluninni. Bæði strákar og stelpur upplifa því eins konar karlarödd í höfðinu, finna að hið karllæga augnaráð fylgir þeim eftir. Stelpur líta því út og haga sér í samræmi við það sem karlmannsaugað óskar eftir og strákar gera það sama. Stelpur eru þannig til sýningar í þeim tilgangi að gleðja karlmannsaugað, þær ráða ekki sjálfar merkingu sinni. Strákarnir sjá um að glápa og festa því merkingu á kvenlíkamann. Þeir sanna svo karlmennsku sína með því að uppfylla kröfur hópsins og sanna gagnkynhneigð sína. Margt bendir til þess að hvorki stelpur né strákar séu með kvenlega rödd í höfðinu, hið kvenlega augnaráð virðist ekki skipti máli (Holland o.fl., 1998; Mulvey 1975/2003).

Kynlífsmenning ungs námsfólks

Síðastliðinn áratug hefur breytt kynlífshandrit meðal ungmenna í bandarískum mennta- og háskólum verið rætt og rannsakað. Félagsfræðingurinn Kathleen Bogle (2008) var fyrst til þess að benda á að í stað þess að nemendur væru að rugla saman reitum í formi sambanda væri nýja normið skyndikynni þar sem tilfinningabönd væru bönnuð á milli kynlífsfélaga. Hún taldi þessa menningu sem snerist um skyndikynni vera núllsummuleik þar sem konurnar töpuðu á ástandinu. Sama ár kom út bókin Guyland eftir félagsfræðinginn og karlmenskukenningasmiðinn Michael Kimmel sem tók í sama streng. Kimmel lýsti kynlífsmenningunni sem „strákakynlífi“ þar sem strákar réðu ferðinni

og allt kynlíf væri á þeirra forsendum. Umræðurnar um þessa nýju kynlífsmenningu skólanema hafa farið fram í hinum og þessum fjölmiðlum í Bandaríkjunum þar sem ýmist er tekið undir með Bogle og Kimmel (sjá t.d. Birger, 2016), þau gagnrýnd fyrir að líta fram hjá hvað ungar konur græði á ástandinu (sjá t.d. Rosin, 2012 og Taylor, 2013) eða að ástandið er ýkt upp og lýst sem einhverskonar kynlífsorgíu (sjá t.d. Morris, 2014 og Sciortino, 2015).

Nýjasta og ítarlegasta rannsóknin á þessari skyndikynnamenningu kemur frá félagsfræðingnum Lisu Wade (2017). Hún staðfestir það að ungir námsmenn í Ameríku upplifa margir að afar kynferðislegt andrúmsloft umlykur námsárin. Orðræðan er á þá leið að á heimavist búi mjög kynferðislega virkir einstaklingar og mikið sé um skyndikynni á milli nemenda. Tilfinningin er svolítið á þá leið að allir séu með öllum eða að allir séu alltaf að „gera það“ og þátttakendur í rannsókn Wade finna fyrir miklum þrýstingi til að taka þátt. Niðurstöður hennar á því hvort að strákar eða stelpur séu frekar að „græða á ástandinu“ eru mun óræðari en hjá Bogle og Kimmel. Hjá Wade nýtur lítil hluti nemenda þessa ástands á meðan flestum, bæði stelpum og strákum, finnst þau utanveltu og ófullnægð. Einnig er ákveðinn hluti nemenda sem notfærir sér kynlífsmenninguna þar sem „allt er leyfilegt“ og brýtur á skólafélögum sínum.

Lisa Wade lýsir menningunni á þá leið að hið kynferðislega andrúmsloft sé svo sterkt að það liggja eins og þoka yfir háskólunum og heimavist nemenda. Hún komst þó fljótt að því þegar hún rýndi í kynlífsmenningu námsmanna að sú er ekki raunin, kynlífsmenningin liggur sannarlega í loftinu og nemendur finna fyrir pressunni til að taka þátt í henni en hún nær ekkert endilega mikið lengra en það. Meðalnemandi á skyndikynni með samnemanda um það bil 8 sinnum á námsárum sínum sem er um einu sinni á hverri önn. Þar af stunda margir kynlíf oft en einu sinni með sama aðila. Þriðjungur nemenda útskrifast eftir fjögurra ára nám án þess að hafa nokkurn tímann átt í skyndikynnum við annan nemanda.

Samkvæmt niðurstöðum Wade eru mikil tengsl á milli drykkju og kynlífsmenningar. Nemendur hittast í fyrirpartýjum og fara í ýmsa drykkjuleiki til að ná að verða drukknið áður en þeir mæta á áfengislausu viðburði á vegum skólans. Áfengisneyslan er notuð til þess að draga úr hömlum og stór liður í að næla sér í bólfélaga. Nemendur sem eiga skyndikynni undir áhrifum nota áfengið sem afsökun ef þeir sjá eftir kynlífsreynslunni.

Útlit og hárvöxtur

Kynlífshandritið kemur víða við og eitt af því sem það virðist hafa mikil áhrif á er hversu mikill hárvöxtur er ásættanlegur eða eftirsóknarverður á líkómum þeirra sem vilja vera á makamarkaðinum. Eins og ítrekað hefur komið fram þá er virkni talin vera fólgin í karlmennskunni og er hún m.a. tengd kynferðislegum löngunum og tilburðum.

Kvenleikinn er allt það sem karlmennskan er ekki, konur eiga að vera óvirkar kynferðislega, þær eru þiggjendur en ekki gerendur. Með hárleysi undirstrika þær kvenleika sinn. Á vissan hátt kennir samfélagið okkur einnig að hár séu óhrein, að snyrta ekki líkamshár bendi til þess að konur séu óhreinar, latar, femínistar eða jafnvel lesbíur. Samkynhneigðar konur eru ekki undir sömu pressu að fjarlægja líkamshár til að laða til sín karla en margar hverjar gera það samt til að koma til móts við kröfur samfélagsins. Fjölmíðlar eru duglegir við að skapa samfélaginu norm og eru margar auglýsingar á vörum og verkfærum sem tengjast háreyðingu til þess fallnar að láta konum finnast líkami sinn skelfilegur fjarlægji þær ekki hárin. Hárleysið er tengt náttúrunni, að kvenlíkaminn eigi að vera sléttur og felldur eins og blóm og þannig sé konan mjúk og hrein. Konan er þó ekki af náttúrunnar hendi hárlaus og „hrein“, hún þarf að hafa mikið fyrir því að sinna og viðhalda hárleysinu og þar með kvenleika sínum (Dines, 2010; Toerien og Wilkinson, 2003). Eins og mun koma fram síðar í rannsóknarniðurstöðum okkar þá er mikil tenging á milli hugmynda um hæfilegan hárvöxt og kláms, en klámið virðist hafa nokkuð stórt hlutverk í kynlífsmenningu ungra karla.

Klám

Fátt virðist hafa jafn mikil áhrif á þróun kynlífshandritsins eins og klám. Þegar rætt er um klám er nauðsynlegt að skilgreina við hvað er átt. Margar mismunandi skilgreiningar eru til á klámi en í þessari skýrslu er notast við skilgreiningu Diönu Russell (1993). Hún telur mikilvægt að gera skýran greinarmun á klámi og erótík. Hún segir að klám snúist um kynferðislegar athafnir og berskjöldun á kynfærum fólks þar sem misnotkun og niðurlæging á sér stað. Russell segir klám ekki eiga neitt skylt við náíð kynferðislegt samband fólks heldur sé það valdatafl þar sem einhver er niðurlægður kynferðislega. Hún tekur fram að gagnrýni hennar á klám snúist ekki að neinu leyti um nekt eða kynlíf heldur völdin, misnotkunina og niðurlæginguna. Aftur á móti telur hún erótík vera kynferðislega örvandi efni þar sem ekki er gert út á fordóma eða misnotkun af neinu tagi. Í erótík er borin virðing fyrir manneskjum og dýrum og þar er hið kynferðislega efni byggt á samþykki og jafnræði þeirra sem eiga í hlut. Rannsakendur gera sér grein fyrir að þátttakendur rannsóknarinnar og lesendur leggi ekki endilega sömu merkingu í hugtakið klám og geri ekki endilega sama greinarmun á klámi og erótík.

Gail Dines (2010) talar um að klám hafi færst inn í daglegt líf okkar að svo miklu leyti að við erum ekki eingöngu hætt að veita því athygli heldur erum farin að taka upp ákveðna hegðun, útlit og tísku sem kemur beint úr klámi. Klámnotkun íslenskra ungmenna hefur verið könnuð að einhverju leyti. Niðurstöður samnorrænnar rannsóknar frá 2010 sýndi að íslenskir drengir áttu þá Norðurlandametið í klámáhorfi. Þeir horfðu einnig margfalt meira á klám en íslenskar stelpur. Niðurstöður rannsóknarinnar voru á

Þá leið að 23,3% íslenskra stráka á aldrinum 16-19 ára horfðu á klám 1-3x í viku á meðan 2,8% stelpna gerðu það sama. Þá var hlutfall þeirra íslensku unglunga sem sjaldan eða aldrei horfa á klám á þessa leið, strákar 24,1% en stelpur 92,6% (Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Jón Sigfússon, Álfgeir Logi Kristjánsson, Hrefna Pálsdóttir og Inga Dóra Sigfúsdóttir, 2010). Samkvæmt þessum niðurstöðum er gríðarlega mikill kynjamunur á klámáhorfi íslenskra unglunga.

Árið 2016 voru birtar niðurstöður megindelegar rannsóknar Guðbjargar Hildar Kolbeins og þar kemur fram að klámáhorf virðist hafa aukist bæði hjá ungum körlum og konum. Úrtakið þar er eldra en í rannsókninni frá 2010 þar sem framhaldsskólanemendur sem höfðu náð 18 ára aldri var viðmiðið. Niðurstöðurnar voru þær að tæp 99% karla höfðu horft á klám og 87,4% kvenna. Karlar voru enn á milli 11 og 12 ára þegar þeir sáu klám í fyrsta skipti á meðan konur voru að meðaltali tveimur árum eldri. Þrátt fyrir að hlutfall kvenna sem hefur séð klám sé mun hærra en í eldri rannsókninni er neyslan álík, það er karlar horfa mun oftar á klám en konur. 32,4% karla horfir daglega á klám á móti 3,9% kvenna. Tæp 5% karla segjast aldrei horfa á klám af fúsum og frjálsum vilja á meðan 34,7% kvenna tekur í sama streng. Rúmlega tveir þriðju karla horfa á klám nokkrum sinnum í viku eða oftar og þeir horfa mun frekar á það í einrúmi á meðan konur horfa á það með kærasta, maka eða vinum.

Ástrós Erla Benediktsdóttir gerði einnig megindelega rannsókn árið 2016 í MA verkefni sínu í félagsráðgjöf og tók þar fyrir kynhegðun, kynheilbrigði og klámáhorf² framhaldsskólanema sem voru yfir 18 ára. Í stuttu máli sagt voru niðurstöður hennar á svipaðan máta og í rannsókn Guðbjargar Hildar hvað varðar aukna neyslu á klámi. Hlutfall karla sem höfðu horft á klám var 98,9% og hlutfall kvenna 72,9%. Ástrós skoðaði meðal annars hvaða hvatir lágu að baki klámnotkuninni en þar var sjálfsfróun langalgengasta ástæðan en einnig var minnst á skemmtun, forvitni, fræðslu, örvun með maka, auk annarra ástæðna sem fengu minna vægi. Viðhorf kynjanna til klámefnis voru mjög ólík þar sem marktækt fleiri karlar hafa jákvæð viðhorf til kláms en konur og marktækt fleiri konur hafa neikvæð viðhorf til kláms en ekki karlar. Þegar þátttakendur rannsóknarinnar voru beðnir um að nefna hversu oft þeir höfðu horft á klám síðastliðinn mánuð kom í ljós svipaður kynjamunur og áður; 6,1% karla horfir á klám einu sinni eða oftar á dag á meðan engin kona merkir við þann flokk. 40,2% horfir 2-5 sinnum í viku á móti 2,3% kvenna, 12,8% karla einu sinni í viku á móti 4,5% kvenna, 25,7% karla 2-3 sinnum í mánuði á móti 18,2% kvenna, 21,2% kvenna einu sinni í mánuði á móti 5% karla. 53,8% kvenna hafði aldrei séð klám síðastliðinn mánuð á móti 10,1% karla. Vert er að benda á að þeir sem ekki höfðu séð klám voru ekki teknir með í þennan útreikning. Niðurstöður Ástrósar sýndu að það var marktækur munur á kynlífshegðun þeirra sem horfðu á klám og þeirra sem gerðu það ekki.

² Vert er að nefna að skilgreining Ástrósar á klámefni gerði ekki greinarmun á erótík og klámi og að skilgreining hennar kom ekki fram á spurningalistunum.

Niðurstöður Guðbjargar Hildar og Ástrósar eru samhljóma niðurstöðum sambærilegrar könnunar sem var gerð í Svíþjóð árið 2014. Úrtak rannsóknarinnar var 16 ára nemendur og í niðurstöðunum kemur í ljós að 96% drengjanna og 54% stúlkanna höfðu neytt kláms. Munur á íslensku og sænsku niðurstöðunum eru helst þær að bæði strákar og stelpur sem neyttu kláms töldu klám vera af hinu góða. Áhugavert er að nefna að í sömu rannsókn kom í ljós að einn þriðji af þeim drengjum sem horfðu mikið á klám vildu minnka við sig klámneyslu á meðan ein af hverjum tíu stúlkum vildu auka neyslu sína (Mattebo, Tydén, Häggström-Nordin, Nilsson, og Larsson, 2014). Þessar tölur eru þónokkuð hærri en sænsku tölurnar í sameiginlegu norrænu könnuninni frá 2010 og þá eru það aðallega stúlkurnar sem eru að horfa meira á klám. Í annarri sænskri rannsókn (Meghan og Mattebo, 2017) er skoðað nánar samspil mikillar klámnotkunar og kynlífshegðunar sænskra ungmenna. Þar er úrtakið á svipuðu aldursbili og í rannsókn Ástrósar og þar koma einnig sterklega í ljós tengsl á milli mikillar klámnotkunar og kynlífshegðunar.

Kynfræðsla

Árið 2008 var gerð könnun meðal 16 ára ungmenna á kynlífstengdu efni sem leiddi í ljós að svarendur höfðu litla sem enga þekkingu á ýmsum grunnatriðum sem tengjast kynlífi og ýmis misskilningur sem átti sér ekki raunverulegar stoðir var algengur. Í könnuninni töldu 67% svarenda það eðlilegt að stunda kynlíf fyrir 16 ára aldur og stór hluti taldi mikilvægt að stunda kynlíf með mörgum yfir ævina. Þátttakendur töldu flestir þörf á meiri kynfræðslu í skólakerfinu og töldu farsælast að fá utanaðkomandi aðila til að sjá um fræðsluna. 97% svarenda töldu að kynfræðsla í skólum ætti að hefjast í áttunda bekk eða fyrr. Þá vildu þátttakendur fræðslu um klám í kynfræðslutímum. Rannsakendur veltu fyrir sér hvort að ungmennin litu þá á klám sem fræðsluefni og höfðu áhyggjur af því hvaðan ungmenni eru að ná sér í upplýsingar um kynlíf og kynhegðun (Kolbrún Gunnarsdóttir, Reynir Tómas Geirsson, Eyjólfur Þorkelsson, Jón Þorkell Einarsson, Ragnar Freyr Ingvarsson og Sigurbjörg Bragadóttir, 2008).

Sóley S. Bender (2006b) hefur einmitt verið með þessar vangaveltur varðandi kynfræðslu á netinu. Hún telur að ungt fólk í samtímanum fái gjarnan afar misvísandi skilaboð um kynlíf og kynheilbrigði í gegnum það menningarefni sem boðið er upp á og í gegnum netið. Þar sem skilaboðin geta hreinlega verið röng og afvegaleiðandi, t.d. varðandi ábyrga kynhegðun, þá segir Sóley þeim mun mikilvægara að veita unglingum góða kynfræðslu þar sem hægt er að ræða um og vinna með hin misvísandi skilaboð. Skortur hefur verið á markvissri stefnumótun í kynfræðslumálum almennt á Íslandi og það vantar yfirsýn yfir það sem verið er að gera í dag og það sem áður hefur verið gert. Ekki hefur verið lagt sérstakt mat á aðgerðir en víða virðist pottur brotinn og fræðslu ekki sinnt sem skyldi (Jóna Ingibjörg Jónsdóttir, 2009; Sóley S. Bender, 2006b). Samkvæmt

aðalnámskrá grunnskóla (2011/2013) eiga börn og unglingar að fá kynfræðslu í skólanum. Í náttúrufræði og samfélagsfræði er gert ráð fyrir því að nemendur fái fræðslu sem snýr að kynheilbrigði, líkamanum og samskiptum en ekki er tiltekið hversu mikill tími á að fara í fræðsluna. Skólum er í sjálfsveld sett hvernig viðfangsefnum er raðað inn í tíma og stundaskrár og því ekki hægt að ganga að því vísu að kynfræðsla fái jafnmikinn tíma í stundaskrá allra skóla. Skólahjúkrunarfræðingar sjá einnig um kynfræðslu fyrir nemendur en ekki er sjálfgefið að samvinna sé á milli þeirra og kennara varðandi efni og framsetningu (Jóna Ingibjörg Jónsdóttir, 2009).

Michelle Fine (1988) rannsakaði áhrif kynfræðslu á unglingsstúlkur í Bandaríkjunum á níunda áratug síðustu aldar. Hún komst að því að sú kynfræðsla sem þá var í boði fyrir ungmenni var ekki sérlega uppbyggileg fyrir kynverund kvenna. Hún bendir á að í fyrsta lagi hafi langanir og þrjár kvenna algerlega verið útilokaðar frá umræðu um kynverund. Stelpur voru settar í hlutverk kynferðislegs fórnarlamb og kennt að vara sig á strákunum. Þær áttu einnig að gæta þess að verða ekki ófrískar, fá ekki kynsjúkdóma og láta strákana ekki nota sig. Ekki var gert ráð fyrir því á neinum tímamarki í kennslunni að stelpurnar sjálfar hefðu kynferðislegar þrjár eða að þær mættu eiga frumkvæði að kynmökum. Innan fræðslunnar var gert ráð fyrir því að nemendur væru allir gagnkynhneigðir og gengið út frá því að strákar væru kynferðislegir gerendur en stelpur væru óvirkar. Fine benti einnig á að þegar stelpur fá að heyra neikvæða umræðu um kynlíf þá eykst hættan á því að þær noti ekki getnaðarvarnir og sýni óábyrgari kynhegðun. Ef umræðan er hins vegar jákvæð segir Fine rannsóknir benda til þess að þá þori stelpur frekar að njóta kynlífs og virðast sýna meiri ábyrgð varðandi notkun getnaðarvarna.

Aapola og félagar (2004) segja að þrátt fyrir að stelpur hafi fengið ákveðið samþykki fyrir því að þær séu líka kynverur sem mega leyfa kynverund sinni að þróast og þroskast þá snýst kynlíf þeirra alltaf meira og minna um að fullnægja þörfum strákanna. Klámahorf hefur einnig áhrif, ungar stelpur virðast margar hverjar samþykkja að taka þátt í kynferðislegum athöfnum sem tengja má beint við klám. Strákarnir óska þá eftir því að þær prófi með þeim athafnir sem þeir hafa séð í klámi, sem geta jafnvel valdið stelpunum sársauka og niðurlægingu. Stelpurnar telja sig ekki vera í stöðu til að neita, þær vilja fremur taka þátt en missa frá sér strákinn. Valdið liggur því alfarið í hendi strákanna. Í klámi má gjarnan finna mikið valdaójafnvægi milli kynjanna og hafa því Aapola og félagar áhyggjur af því að unglingar færi valdamisræmið yfir á sitt eigið kynlíf. Því telja þær afar mikilvægt að ungmenni fái góða markvissa kynfræðslu sem inniheldur m.a. viðeigandi fræðslu um klám.

Aðferðafræðikafli

Hér verður tekin fyrir aðferðafræði rannsóknarinnar í þremur meginhlutum.

Í þessum kafla verður framkvæmd rannsóknarinnar útskýrð. Í byrjun er skýrt hvað felst í eigindlegri rannsóknarhefð og lýst þeim tveim megináðferðum sem nýttar eru við rannsóknina, opin viðtöl og rýnihópar. Hér er líka að finna lýsingu á undirbúningi og framkvæmd rannsóknarinnar. Gerð er grein fyrir gagnasöfnuninni, hvernig gögnin voru skráð og hvernig var unnið úr þeim.

Þá er umræða um aðferðafræðilega erfiðleika sem hafa komið upp á meðan rannsóknin var unnin. Þar er fjallað um hve viðkvæmt rannsóknarefnið er. Loks er fjallað um réttmæti gagnanna og mögulegar takmarkanir rannsóknarinnar.

Undirbúningur

Rannsóknarferlið hófst í maí 2015 þegar sú hugmynd kviknaði að spegla fyrri rannsókn Kolbrúnar Hrundar Sigurgeirsdóttur (2015) á upplifun stúlkna á kynlífsmenningu framhaldsskólanema. Viðfangsefnið var skoðað í kjölfarið og rannsóknarspurningar þeirrar rannsóknar yfirfærðar og aðlagðar að ungum körlum.

Dr. Þorgerður Einarsdóttir, sem hafði verið leiðbeinandi Kolbrúnar í fyrri rannsókninni, samþykkti að vera rannsakendum innan handar og leiðbeina eftir þörfum. Þá var sett fram framkvæmda- og tímaáætlun til að styðjast við sem hefur verið endurskoðuð nokkrum sinnum á meðan á rannsókninni stóð. Áður en eiginleg gagnasöfnun hófst var viðtalsvísir fyrri rannsóknarinnar skoðaður og aðlagður að ungu körlunum og var hann svo hafður til hliðsjónar til að leiða viðtölin áfram.

Eigindlegar rannsóknir

Við þessa rannsókn var stuðst við eigindlegar rannsóknaraðferðir (e. qualitative research methods). Eigindleg aðferðafræði á vel við þegar rannsakandi leitar eftir upplýsingum um reynslu, upplifun og túlkun viðmælenda á því fyrirbæri sem verið er að rannsaka. Þannig er ekki reynt að varpa fram alhæfingum eða ná fram einum ákveðnum sannleika heldur er viðleitni til að öðlast dýpri skilning á því efni sem rannsakað er.

Helstu einkenni eigindlegra rannsókna eru þau að rannsóknin fer oftast fram á raunverulegum vettvangi, annaðhvort með þátttökuathugunum þar sem rannsakandi fer á vettvang og rýnir í aðstæður, eða með opnum viðtölum við einstaklinga sem hafa reynslu af því sem rannsakað er. Ýmsum öðrum aðferðum er einnig beitt en aðstæður eru ekki búnar til eins og t.d. á rannsóknarstofu. Eigindlegar rannsóknaraðferðir geta verið tímafreakar og kostnaðarsamar og eyðir rannsakandi yfirleitt miklum tíma á

vettvangi, í viðtölum og við greiningu gagna (Creswell, 2013; Hennink, Hutter og Bailey, 2011).

Þegar unnið er eftir eigindlegri aðferðafræði er rannsakandinn sjálfur í raun mælitækið og þrátt fyrir að hann staðsetji sig gagnvart viðfangsefni sínu er mikilvægt að hann leggi skoðanir sínar og viðhorf til hliðar upp að því marki sem hægt er. Rannsakandi þarf einnig að reyna að gæta vel að hlutlægni sínu og leitast þess heldur eftir því að fá fram sjónarhorn og upplifun viðmælenda sinna. Mikilvægast er að reyna að varpa ljósi á það hvaða merkingu viðfangsefnið hefur í huga þátttakenda (Creswell, 2013; Hennink o.fl., 2011). Þar sem rannsakandinn er aðalrannsóknartækið í eigindlegum rannsóknaaðferðum er áreiðanleiki (e. reliability), það er getan til þess að endurtaka rannsóknina og fá sömu niðurstöður, þannig af skornum skammti. Það geta margir þættir haft áhrif á hvaða upplýsingar hver og einn rannsakandi fær í eigindlegum rannsóknum þar sem þátttakendur bregðast gjarnan ólíkt við rannsakanda eftir því hvernig hann nálgast viðkomandi, hvort hann er gamall eða ungur, af hvaða kyni rannsakandinn er og svo framvegis (Taylor og Bogdan, 1998)³.

Rannsakandi leitar eftir upplifun viðmælenda af viðkomandi fyrirbæri og skoðar hvaða merkingu þeir leggja í þá upplifun sína. Þar sem ekki er hægt að mæla eða meta reynslu fólks og upplifun getur rannsakandi aðeins sýnt viðleitni til þess að skilja túlkun viðmælenda sinna og þá merkingu sem þeir leggja í reynsluna. Rannsakandi reynir að leggja fyrirframgefna hugmyndir sínar um fyrirbærið til hliðar eins og kostur er og hlusta með opnum hug eftir túlkunum viðmælenda (Creswell, 1998; Sigríður Halldórsdóttir, 2013). Þannig er mesta áherslan sett á réttmæti (e. validity) í eigindlegum rannsóknum þar sem rannsakandinn getur fullvissað sig um að hann sé í raun að sýna raunverulegar aðstæður og það sé verið að varpa upp mynd af því sem þátttakendur virkilega upplifa (Taylor og Bogdan, 1998).

Gögnin voru greind á kerfisbundinn hátt samhliða gagnasöfnun í þeim tilgangi að koma auga á þemu og tengingar og hinn rauða þráð rannsóknarinnar í anda grundaðrar kenningar (e. grounded theory). Grunduð kenning byggir á aðleiðslu þar sem kenningin verður til út frá gögnum rannsóknarinnar. Þegar engin ný vitneskja kom lengur fram í viðtölunum má segja að ákveðinni metnun hafi verið náð og þá voru ekki fleiri viðtöl tekin (Unnur Guðrún Óttarsdóttir, 2013; Creswell, 1998).

Þekkingarfræði (e. epistemology) segir okkur hvert eðli þekkingar er og hvernig við öðlumst þekkingu (Crotty, 1998). Sú þekkingarfræði sem rannsóknin byggir á er hugsmíðahyggja sem einnig er stundum nefnd félagsleg mótunarhyggja (e. Social constructivism). Samkvæmt henni er veruleikinn félagslega mótaður og er hann skoðaður út frá túlkun viðmælenda á reynslu sinni. Þannig geta ólíkir einstaklingar upplifað heiminn á ólíkan hátt, allt eftir þeirri merkingu sem þeir leggja í upplifun sína.

³ Við höfðum einmitt í huga að viðmælendur okkar gætu brugðist við okkur á mismunandi máta, að þessir ungu karlar væru ef til vill opnari gagnvart karlkyns viðmælenda en kvenkyns. Kyn okkar virtist þó hafa lítil áhrif og skipti meiru máli viðtalstækni og að öðlast traust og ná góðu sambandi við viðmælendur.

Rannsakandi leggur sig því fram við að hlusta eftir því hvernig viðmælendur búa til þekkingu og skilning á heiminum út frá lífaðri reynslu sinni (Kristín Þórarinsdóttir og Rúnar Sigþórsson, 2013; Esteberg, 2002; Crotty, 1998).

Viðtöl og rýnihópar

Þær aðferðir sem notaðar voru í þessari rannsókn var að taka viðtöl og setja saman rýnihópa. Til að fá fram skýra mynd af upplifun og túlkun viðmælenda völdum við þá aðferð að taka hálfopin viðtöl sem gerðu kleift að spyrja opinna spurninga og kafa dýpra ofan í viðfangsefnið. Við notuðum þá viðtalsvísi sem var undirbúinn fyrirfram (sjá viðauka 1). Reynt var að fara eftir honum að nokkru leyti og halda þannig utan um umræðuefnið en þess þó gætt að vera ekki of bundin af hverri spurningu og leyfa samtalinu að þróast innan rammans og aðeins út fyrir hann. Viðtalsvísirinn tók breytingum á milli viðtala.

Rýnihóparnir voru tveir. Í rýnihópaviðtölum eru nokkrir viðmælendur saman komnir sem búa að sameiginlegri reynslu eða koma úr sama hópi. Reynt er að ná fram góðum umræðum um viðfangsefnið og fá fram sjónarmið sem flestra fremur en að reyna að komast að einni sameiginlegri niðurstöðu (Hennink o.fl., 2011). Með rýnihópaviðtalinu er leitast eftir því að fá fram þá þekkingu sem býr í hópnum. Eins og Sóley S. Bender (2013) segir: „Hjarta rýnihópa eru þær samræður sem eiga sér stað milli þátttakenda.“

Endanleg tala viðmælenda í þessari rannsókn var 11, þar af voru 4 hálfstöðluð einstaklingsviðtöl og tvö rýnihópaviðtöl með 4 viðmælendum annarsvegar og hins vegar 3.

Þátttakendur, val og aðgengi

Þegar við lögðum af stað í leit að viðmælendum í rannsóknina reyndum við að spegla rannsókn Kolbrúnar. Við héldum okkur við að finna stráka sem hefðu náð 18 ára aldri og væru nemendur í mismunandi framhaldsskólum. Við breyttum þó einu varðandi hvar við leituðum fanga og tókum einnig viðtöl við nemendur utan höfuðborgarsvæðisins. Með því að ræða við unga karla sem eru 18 ára eða eldri töldum við okkur geta gengið að því sem vísu að þeir hefðu öðlast töluverða reynslu af félagslífi síns framhaldsskóla. Þeir gætu því lagt sitt mat á þá kynlífsmenningu sem ríkir innan félagslífsins sem og almennt í lífi ungs fólks á þessum aldri. Með því að tala við stráka úr mismunandi skólum töldum við okkur fá fram víðari og fjölbreyttari sýn á fyrirbærið því félagslíf skólanna er afar misjafnt enda skólarnir ólíkir og misstórir. Þegar upp var staðið komu drengirnir 11 frá 10 mismunandi skólum. Við hófum leit að viðmælendum og notuðum til

Þess tilgangsrúttak (e. purposive sampling). Mikilvægt er að hafa rannsóknarspurningarnar í huga þegar slík aðferð er notuð og því markvisst leitað eftir þátttakendum sem hafa beina reynslu og þekkingu á því efni sem rannsaka á (Katrín Blöndal og Sigríður Halldórsdóttir, 2013). Til þess að leita að viðmælendum settum við fyrirspurn inn á lokaða fésbókarsíðu framhaldsskólakennara þar sem við kynntum rannsóknina lítillega og báðum kennara um að benda á nemendur sem gætu haft áhuga á að taka þátt og hefðu sýnt í tímum að þeir væru óhræddir að tjá sig. Þannig fengum við þónokkrar tilnefningar sem við notuðum síðan til þess að setja saman rýnihópana og skipuleggja viðtöl. Til þess að viðmælendurnir væru ekki bara nemendur sem gætu talist úrval kennara þá fengum við einnig tvo viðmælendur með því að setja okkur í samband við nemendur sem við þekktum til í sittthvorum framhaldsskólanum sem komu okkur aftur í samband við drengi sem voru tilbúnir til að spjalla við okkur.

Lokatala þátttakenda var því eins og áður sagði 11 og eru þeir á aldrinum 18-21 árs. Fimm þeirra eru í föstu sambandi, 10 eru gagnkynhneigðir og einn er tvíkynhneigður. Þeir koma úr samtals 10 framhaldsskólum, 7 skólanna eru á höfuðborgarsvæðinu en hinir 3 í meira en 3 klukkustunda fjarlægð frá Stór-Reykjavíkarsvæðinu. Öllum þátttakendum var úthlutað gervinafn til að tryggja þann trúnað sem þeim var lofað. Vísað verður til þeirra með þessum nöfnum í skýrslunni.

Gagnaöflun

Fyrri rýnihópaviðtalið fór fram í nóvember 2015 og það seinna í apríl 2016. Fyrsta einstaklingsviðtal rannsóknarinnar fór fram í febrúar 2016 og það síðasta um miðjan mars 2017. Segja má að rannsóknarferlið hafi í heild tekið um 17 mánuði. Áður en hvert viðtal hófst var farið vel yfir viðtalsrammann og hann hafður í huga allan tímann sem viðtölin stóðu. Eftir því sem viðtölin þróuðust og ákveðin þemu birtust í gögnunum breyttist viðtalsramminn í takt við það. Þegar leið á rannsóknina komu upp spurningar sem okkur hafði ekki dottið í hug að spyrja fyrstu þátttakendur okkar og þar sem við vildum vita hvort þeirra reynsla rímaði við reynslu hinna brugðum við á það ráð að hafa samband við þá sem við höfðum þegar rætt við og bárum undir þá þessar nýju spurningar og fengum góða svörun frá þeim. Þá gátum við einnig notað tækifærið og athugað hvort við værum að túlka niðurstöður á réttan máta og gátum þannig aukið á réttmæti rannsóknarniðurstaðanna.

Í upphafi hvers viðtals var byrjað á því að kynna rannsakendur og rannsóknina, trúnaður var ítrekaður, áhersla lögð á neitunarrétt þeirra og áréttað að ekki væri verið að leita eftir réttum eða röngum svörum heldur aðeins þeirra upplifun hverju sinni. Leyfi var fengið til að fá að hljóðrita samtölin og var hljóðupptökuforrit á símanum eða símunum notað til að taka upp. Áður en rannsakendur hófu að spyrja spurninga voru drengirnir fengnir til að skrifa undir samþykkis- og trúnaðarblað (sjá viðauka 2) og skrifuðu

rannsakendur einnig undir það. Þar sem umræðuefnið er málefni sem einhverjum gæti þótt erfitt að ræða um, kynlíf, þá lögðum við okkur fram við að skapa notalegt og gott andrúmsloft. Viðtölin fór ýmist fram í skólahúsnæði þeirra eða í Kvennaskólanum í Reykjavík eða í heimahúsum. Alltaf var reynt að gæta þess að við fengjum góðan frið og reyndi að skapa þægilegt andrúmsloft með því að hafa veitingar og létt andrúmsloft.

Úrvinnsla og greining gagna

Segja má að gagnagreining hafi farið af stað um leið og hverju viðtali var lokið með frumgreiningu í formi athugasemda rannsakanda (AR). Þá eru hugleiðingar okkar skrifaðar niður eftir hvert viðtal og eins héldum við til haga því sem okkur þótti áhugavert og því sem vakti sérstaka athygli hverju sinni. Flest viðtölin voru um klukkutími að lengd, það stysta var rétt tæpar 45 mínútur og það lengsta, annað rýnihópaviðtalið, var rétt rúmar 150 mínútur. Þar sem flest viðtölin fóru fram að kvöldi til hófst afritun gjarnan að morgni næsta dags, í einhverjum tilvikum dróst afritun um nokkra daga. Afritaðar síður telja samanlagt 86 blaðsíður. Að lokinni afritun hófst eiginleg gagnagreining með opinni kóðun en þegar henni er beitt eru gögnin marglesin ítarlega þar sem rýnt er í hverja setningu með það að markmiði að koma auga á ákveðin þemu og tengingar út frá orðum viðmælanda. Að því loknu var markvissri kóðun beitt þar sem farið var enn á ný yfir gögnin og kafað enn dýpra ofan í þau þemu sem komu oftast fyrir í opnu kóðuninni (Creswell, 1998; Charmaz, 2006).

Við leituðum eftir því sem ítrekað kom fram í gögnunum og fundum ákveðna þætti sem voru sameiginleg upplifun allra viðmælanda okkar. Eins rýndum við í ólíka upplifun þeirra á ákveðnum þáttum og leituðumst við finna helstu tengingar og þemu. Með sífelldum samanburði mátti smám saman greina mynstur sem varð að lokum að þeim niðurstöðuköflum sem í ritgerðinni má finna, byggt á meginþemum og undirþemum.

Siðferðileg álitamál

Mikilvægt er að gæta að siðferðilegum þáttum þegar vísindaleg rannsókn er framkvæmd. Samkvæmt Sigurði Kristinssyni (2013) er jafn mikilvægt að huga að siðferðilegum kröfum rannsóknar og aðferðafræðilegum. Hann bendir á að afar mikilvægt sé að vanda til siðferðilegra verka við framkvæmd rannsókna. Frá upphafi lögðum við okkur fram við að veita viðmælendum okkar greinargóðar upplýsingar um rannsóknina og tilgang hennar svo þeir gætu veitt upplýst samþykki fyrir þátttöku. Þeim var bent á að þeir hefðu leyfi til að hafna þátttöku eða sleppa ákveðnum spurningum án eftirmála hvenær sem var í ferlinu. Þeir voru beðnir um að skrifa undir samþykkis- og

trúnaðareyðublað og lofað fullum trúnaði og nafnleynd. Þeim var einnig öllum gefið gervinafn í ritgerðinni. Framkoma og samskipti við viðmælendur einkenndust af virðingu og trausti og engin hlaut eða ætti að geta hlotið skaða af þátttöku í rannsókninni. Öll gögn sem rannsókninni tengdust voru geymd á góðum stað þar sem enginn annar en við höfðum aðgang að þeim. Rannsóknin var tilkynnt til Persónuverndar.

Samantekt

Í þessum kafla hefur verið farið lið fyrir lið yfir það hvernig rannsóknin var framkvæmd. Hér voru þátttakendur í rannsókninni kynntir og sagt frá vali og aðgengi að þeim. Gagnaöflun og greiningu gagna var gerð skil og í lok kaflans var farið yfir siðferðileg álitamál rannsóknarinnar. Í næsta kafla verða niðurstöður rannsóknarinnar kynntar.

Niðurstöður

Í þessum hluta er farið yfir helstu niðurstöður rannsóknarinnar þar sem þau þemu sem voru mest áberandi í gögnunum eru dregin fram. Við skiptum þemunum í fimm megin þemu en þau eru; kynferðisleg reynsla, útlitskröfur, druslustimplun, klám, og kynfræðsla. Undir hverju megin þema eru fleiri undir þemu sem verða kynnt jafnóðum.

Kynferðisleg reynsla

Þegar komið er á framhaldsskólaaldur þá fer kynferðisleg reynsla að skipta máli. Þrýstingur á að stunda kynlíf kemur fram bæði beint og óbeint. Í viðtölunum kom fram að þar sem töluvert er talað um kynlíf innan veggja skólanna og í vindahópum, þá getur reynst erfitt að búa yfir lítilli reynslu í þessum málum og að geta ekki tekið þátt í umræðunum. Þá eru viðburðir sem eru skipulagðir í kringum skólann eða með vindahópnum með kynferðislegu ívafi þar sem kynlífsreynsla eða reynsluleysi kemur fram. Hér fylgir umfjöllun um efni þar sem þrýstingur frá jafningjahópnum var mjög áberandi. Fyrsta undirþemað er þrýstingur á að missa sveindóminn; annað undirþemað er þrýstingur á að deila reynslunni; þriðja er þrýstingur á að vera ávallt reiðubúinn til samfara (með tilheyrandi frammistöðukvíða); fjórða undirþemað er þrýstingur í gegnum samfélagsmiðla og að lokum er það þrýstingur tengdur útskriftarferðum.

Að missa sveindóminn

Viðmælendur okkar vildu flestir gera lítið úr því í byrjun að það væri þrýstingur á að stunda kynlíf eða að missa sveindóminn. Þegar umræðurnar héldu áfram kom þó fljótt í ljós að sú pressa hafði sannarlega verið til staðar. Þegar viðmælendur okkar áttuðu sig á því að þeir hefðu í raun upplifað töluverðan þrýsting þá höfðu þeir gjarnan orð á því að ef til vill væri þetta spurning um að pressan á að stunda kynlíf þyki það eðlileg að viðmælendur okkar gerðu sér varla grein fyrir henni fyrr en þeir fóru að gefa henni sérstaklega gaum. Á meðan strákarnir segja allir það vera einstaklingsbundið hvenær hver og ein manneskja telur sig tilbúna til að byrja að stunda kynlíf þá birtast allsstaðar í kringum ungmennin þau skilaboð að það sé „undarlegt“ ef viðkomandi er ekki búinn að stunda kynmök þegar líður á framhaldsskólaaldurinn.

Strákarnir tala flestir um að það sé stigmagnandi þrýstingur á að „klára“ fyrstu samfarirnar af eftir því sem viðkomandi verður eldri. Sem dæmi þá lýsir Arnór stigmagnandi pressu á vin sinn á eftirfarandi hátt:

„Klárlega sko [svar án þess að hika] sérstaklega einn góður vinur minn, hann fann alveg fyrir mjög mikil, það var mjög mikil pressa af því hann var alveg, það var ekkert að stoppa hann beint frá því að missa sveindóminn, ég meina hann var bara hreinn þangað til 18 ára og þú veist í fyrsta bekk var það allt í lagi, í öðrum bekk þá var svona aðeins farið að vera óþægilegt og hann var sjálfur svona aðeins farinn að gera grín að því en síðan þegar hann var kominn í þriðja bekk þá var alveg, ég held að þetta hafi alveg verið farið að taka sinn toll hjá honum. En síðan loksins kom þetta hjá honum ...“

Þegar strákarnir missa síðan sveindóm sinn er það fljótt að fréttast og þykir tilefni til hróss. Allir viðmælendur okkar tala um hvernig vinalópurinn frétti nær samstundis af þessum tímamótum og hvernig viðbrögðin létu ekki á sér standa. Daði sagði til dæmis frá því hvernig vinalópurinn taldi það góða hugmynd að setja fréttatilkynningu í skólablaðið um það að hann hefði „loksins“ misst sveindóminn. Þarna skiptir hópurinn miklu máli. Ef flestir í hópnum byrja snemma að stunda kynlíf þá er meiri pressa á að aðrir hópmeðlimir fylgi með en ef flestir í vinalópnum gefa sér lengri tíma þá upplifa viðmælendur okkar minni pressu.

Þó nokkrir af viðmælendum okkar segjast hafa stundað kynmök í fyrsta sinn þegar þeir voru enn í grunnskóla. Hinir fundu fyrir aukinni pressu að byrja eftir að þeir voru komnir í framhaldsskóla, enda segja þeir að þar sé almennt gengið út frá því að flestir hafi kynferðislega reynslu á bakinu. Þrýstingur hópsins er mikill jafnvel þó hann sé oftast óbeinn.

Athöfnin sjálf að stunda kynlíf með öðrum aðila í fyrsta sinn snýst því gjarnan um að verða fullgildur meðlimur hópsins en ekki um kynlífið sjálft. Brynjar segir frá því hvernig hann hafði upplifað mikinn þrýsting frá bæði vinum sínum og vinkonum kærustu hans á að stunda kynlíf og að það hafi haft mikil áhrif á að þau létu verða að því. Eftir

verknaðinn var þó ekkert verið að endurtaka leikinn aftur fyrr en mörgum mánuðum síðar:

„Já, einmitt. Mest bara fyrir forvitnissakir og þá svona fattaði maður að svona „já, ekki strax“ og eitthvað svona. Maður sér það núna, þegar maður veit meira, er svona aðeins reyndari um lífið að þetta var allt of snemmt sko. Þetta var bara svona pressa, maður þurfti bara að gera þetta til að vera búinn, maður þurfti bara að klára þetta og þá svona hættu menn að böggja mann yfir þessu sko.“

Kynmökkin snúast fyrst og fremst um að næla sér í reynsluna og til að komast yfir þennan hjall sem þeir álíta sveindóminn vera.

Að deila reynslunni

Forvitni ungmenna um kynlíf er ekkert nýtt. Hver hefur gert hvað með hverjum virðist vera sívinsælt umræðuefni. Nokkrir viðmælendur okkar nefndu sambönd og samfarir skólafélaga sinna sem eitt helsta umræðuefni í skólanum. Umræðan er yfirleitt á yfirborðskennendum nótum eins og hver svaf hjá hverjum og stundum fylgja einhver lýsandi dæmi um kynlífsathafnir sem voru stundaðar. Þessar upplýsingar virðast koma fyrst og fremst frá strákum sem eru annar aðilinn í þessum bólförum og virðast vera í flestum tilvikum í óþökk stúlknanna sem eru hinn aðilinn. Upplýsingarnar virðast dreifast hratt meðal jafningjahópsins og því nákvæmari sem lýsingarnar eru því meira er talað um tilvikið.

Viðmælendur okkar eru aftur á móti á því að svona gaspur um kynlífsathafnir séu ekki alltaf vel séðar og að langflestir séu ekki að segja frá einhverjum smáatriðum og að þeir sem láti þau uppi þyki ekki vera að fylgja „réttri“ hegðun. „Rétt hegðun“ er að segja nánustu vinum frá því ef kelerí eða samfarir hafa átt sér stað og þá með hverjum og mögulega við hvaða aðstæður en ekki upplýsingar sem eru ítarlegri en það. Þegar vinir segja frá kynlífi sínu með of nákvæmum lýsingum þykir það vandræðalegt eða óþægilegt. Umræður um kynlíf meðal vina geta aftur á móti snúist um ráðleggingar og samanburð á hvað sé óþægilegt eða óeðlilegt og það þykir í lagi.

Á ákveðnum viðburðum innan félagslífs framhaldsskólanema er kynlíf fyrirferðarmikið og er þá í mörgum tilfellum gert ráð fyrir því að nemendur hafi ákveðna reynslu í farteskinu. Einn slíkur viðburður er Djúpa laugin en sá leikur getur samkvæmt viðmælendum verið mjög kynferðislegur. Svo virðist sem mat viðmælenda okkar á því hvað sé kynferðislegt vera misjafnt, þannig fannst Arnóri spurningar á borð við: „Hver er uppáhaldsstillingin þín?“ og „Hvað ertu búinn að sofa hjá mörgum?“ ekki vera sérlega kynferðislegar. Djúpa laugin virkar yfirleitt þannig að einn aðili er spyrell og situr bak við skilvegg. Hinum megin við skilrímið eru þrír keppendur af gagnstæðu kyni sem eru svarendur. Spyrellinn leggur fram nokkrar spurningar og svarendur reyna að koma með hnyttin og skemmtileg svör. Í lok leiks velur spyrellinn einn af svarendunum til þess að

koma með sér á stefnumót. Þegar Arnór var að segja frá leiknum dró hann fram áhugaverða sögu sem varpar ljósi á þær væntingar sem gerðar eru til þátttakenda. „[Þ]að kom upp eitt í fyrra, þá var einn svona sem er mjög opinn en hann er samt hreinn [sveinn]. Og hann var spurður hvort að eða hvað hann væri búinn með margar eða eitthvað svoleiðis í Djúpu lauginni og hann bara „Nei ég er hreinn“. Þú veist þannig. Og þá, þannig var bara einhvern veginn þúst, honum fannst það ekkert vandræðalegt en það var einhvern veginn bara uppgert að þetta væri vandræðalegt.“

Þarna kemur fram hversu sterk ítök hópurinn hefur, það þykir vandræðalegt að vera strákurinn sem ekki hefur sofið hjá og því upplifir viðkomandi þrýsting frá hópnum.

Þrátt fyrir að viðmælendur okkar komi frá tíu mismunandi framhaldsskólum þá þekkja þeir allir leik sem kallast Ég hef aldrei. Viðkomandi leikur er vinsæll hjá unglingum í dag og segja strákarnir að hann sé leikinn í ýmsum ferðum, s.s. nýnemaferðum og bekkjarbústaðaferðum, og eins er hann algengur leikur í partyjum sem haldin eru fyrir böll. Um er að ræða drykkjuleik sem strákarnir segja að ungt fólk leiki aðallega til þess að ná fram töluverðri ölvun á stuttum tíma. Ekki er leyfilegt að drekka áfengi á framhaldsskólaböllum og því vilja nemendur hella hratt og mikið í sig í fyrirpartyjum til að áhrifin dugi út allt kvöldið. Nemendur telja að leikurinn henti vel til þess.

Hjá viðmælendum kom fram að þessi leikur verður nánast undantekningarlaust afar kynferðislegur. Til að útskýra leikinn nánar þá fer hann þannig fram að allir sitja saman í hring, með drykk í glasi og einhver einn byrjar á því að segja „Ég hef aldrei... (t.d. sofið hjá í tjaldi)“ og þá eiga allir sem hafa gert viðkomandi hlut eins og að hafa sofið hjá í tjaldi að taka einn sopa af sínum drykk. Þá á næsti að gera og svo koll af kolli. Með því að drekka sopa sýna þátttakendur hinum sem eru á staðnum hvað þeir hafa prófað og hvað ekki. Ungmenni slá gjarnan tvær flugur í einu höggi með því að fara í þennan leik. Flestir fara í hann bæði til þess að drekka áfengi og til þess að fá tækifæri til að ræða um kynlíf. Viðar segir að unglingar séu almennt forvitnir hver um annan og langar bæði til að segja frá og hlusta á hvað hinir hafa gert. Það má gera ráð fyrir því að viljinn til að segja frá og ræða um kynferðislega reynslu sína sé nokkuð sterkur áhrifaþáttur þar sem nokkrir viðmælendur segja að þeir sem enga kynferðislega reynslu hafa stingi aldrei upp á þessum leik. Þeir sem hafa mikla reynslu séu almennt spenntari fyrir að spila hann. Arnór lýsir leiknum sem mjög skemmtilegum og stærir sig til dæmis af því að vera „mjög góður í honum“ en hann áttar sig á að svo er ekki farið með alla: „[J]á það er líka einn vinur minn sem hefur ekki gert neitt svona bara, þú veist hann er jafnaldri minn og hefur ekki gert neitt svona en honum finnst mjög leiðinlegt að fara í þennan leik af því að hann tekur aldrei þátt. Þá bara „Nei ég hef ekki gert neitt, mig langar ekki að vera með“ og það er mjög leiðinlegt fyrir hann því að þá er hann svo útundan.“ Strákunum ber saman um að eftir því sem líður á leikinn og áfengið fer að renna um æðarnar þá verði leikurinn grófari.

Viðmælendur bentu flestir á hversu sterk áhrif hópurnir hefur, það er erfitt að falla ekki inn í hópinn. Ef flestir aðrir hafa prófað ákveðna kynferðislega hluti þá finnst þeim að þeir ættu að vera komnir með þá reynslu líka. Strákarnir tala þó einnig um að þeir noti leikinn stundum til að stríða vinum sínum og þá sérstaklega þeim sem hafa mikla reynslu eða þeim sem hafa reynslu sem fáir hafa. Þá nefna þeir eitthvað sem vinurinn hefur gert bara til þess að sjá hann einan taka sopa. Þetta er sett fram í gríni en um leið er þetta aðferð til að draga fram hvar og hver hefur stigið yfir línuna.

Leikurinn er samkvæmt viðmælendum okkar leikinn í hóp þar sem flestir þekkja hver annan nokkuð vel, enda umfjöllunarefnið þess eðlis að eitthvað grunntraust verður að vera til staðar. Atli segir til dæmis: „Þá veit maður eitthvað, það getur alveg komið eitthvað svoldið vandræðalegt eða persónulegt og eitthvað. En náttúrulega innan síðferðislegra marka sko eðlilega.“ Einnig er það vegna þess að tilgangurinn er að komast að einhverju um fólk sem þú umgengst, þér er meira sama um hvað einhver ókunnugur hefur gert.

Strákarnir segja að það líti ekki vel út að vera reynslulaus kynferðislega í svona leik og því töldu þeir að þátttakendur segðu ekki alltaf satt. Oftar en ekki minnst viðmælendur okkar einmitt á að það sé betra að segja ósatt heldur en að ljóstra upp um reynsluleysi sitt gagnvart einhverri spurningunni. Það er vandræðalegt að hafa ekki reynslu af kynlífi og sjálfgefið að strákar eigi að hafa áhuga á að stunda sem mest af því og með sem flestum.

Ávallt reiðubúinn til samfara og frammistöðukvíði

Viðmælendur okkar töluðu um að það væru ákveðnar hugmyndir sem þeir yrðu mjög mikið varir við sem fela í sér að strákar eigi alltaf að vera „til í tuskið“. Strákar eiga að hafa endalaus áhuga á kynlífi og vera tilbúnir til samfara við hvert tækifæri. Hugmyndirnar um greddu stráka sé því algjörlega á skjön við það viðhorf sem er ríkjandi gagnvart stelpum. Þegar stelpur segjast ekki geta staðið í bólförum eru ástæður þeirra teknar gildar en þegar strákar neita kynlífi mæta þeir skilningsleysi og undrun. Arnór segir til dæmis: „[S]trákurinn segir stopp þá er það bara fáránlegt. [...] já eða svona það þykir mjög svona skrítið og öðrum strákum finnst það mjög skrítið.“ Viktor sagði frá því hvernig vinir hans létu hann finna að hann væri að brjóta óskrifaðar reglur þegar hann afþakkaði kynlíf eitt sinn: *Það var einu sinni hneykslast mjög mikið á mér af því að ég vildi ekki sofa hjá einni stelpu. Og það var alveg bara „gaur hún vildi alveg ríða þér, hvað varstu að hugsa!?“* Sumir viðmælenda okkar nefna að þeir hafi rætt þessa pressu við vini sína og að þeim finnst þessar hugmyndir þreytandi en að þeir láti þó til leiðast til þess að valda ekki bólfélaga sínum vonbrigðum. Arnór heldur áfram: „[S]érstaklega ef þú átt kærustu og þið eruð mjög oft að sofa saman og kannski svona eitt af hverjum fimm skiptum þá bara nennir þú því ekki neitt. En þú veist maður vill bara gera það, þú

veist fyrir hana. En síðan nær þetta ákveðnum tímapunkti að þetta verður kannski þínu þreytt.“

Annað atriði sem tengist hugmyndum um að karlar eigi alltaf að vera reiðubúnir fyrir kynmök er frammistöðukvíði. Þeir höfðu áhyggjur af því að þegar á hólminn væri komið gætu þeir ekki fengið blóðflæði í getnaðarliminn og að því myndi fylgja vonbrigði bólfélagans og skömm fyrir hann sjálfan. Sumir þeirra nefndu að strákar sem þeir þekktu hefðu verslað sér stinningarlyf og gengju með það á sér til þess að geta verið öruggir með að ná reisn. Arnór kannast við þessa neyslu meðal skólafélaga sinna: „*Já og ég veit um nokkur dæmi um gæja sem eru bara alltaf með þetta á sér, í veskinu út af því eða þú veist þeir taka þetta bara alltaf með sér á djammíð. Ef þeir eru kannski fullir að þá virkar hann kannski miklu verr og þannig og þú vilt kannski, já bara standa þig.*“ Lyfið sem þeir könnuðust helst við var *Kamagra*, ódýrt indverskt samheitalyf sem virkar eins og *Viagra* og þeir nálgast með ólöglegum hætti í gegnum facebook-síður. Svo virðist vera að það sé nokkuð um það að ungir karlmenn, um og undir tvítugu séu byrjaðir að treysta á stinningarlyf til þess að halda reisn og andliti.

Þrýstingur og samfélagsmiðlar

Í viðtölunum komu gjarnan fram frásagnir af því hvernig samfélagsmiðlar eru notaðir til þess að þrýsta á að fá nektarmyndir sendar. Allir könnuðust við að strákar væru að kalla eftir myndum af stelpum en það er greinilega sjaldgæfara að stelpur séu að sækjast eftir myndum af strákum. Þegar Baldur byrjar að segja sögur sem hann hefur heyrt um stelpur sem eru að fyrra bragði að sækjast eftir nektarmyndum frá strákum virkar frásögnin næstum goðsagnakennd: „*Já ég hef heyrt svolítið mikið um það, ég segi ekki mikið en ég hef heyrt einhverjar sögur um það að stelpurnar hafi algjörlega haft frumkvæðið að svona, skilurðu skilaboðum. Hérna, en þú veist að það sé hérna, stelpurnar sem eru stundum að pressa, eða ekki mikið en ég hef heyrt dæmi um það að það séu stelpur sem eru að pressa á þessar nektarmyndir.*“ Umræðan um nektarmyndir sem strákar eru að senda stelpum ganga oftast en ekki út á að strákarnir séu að senda óumbeðnir svokallaðar „dickpick“ eða nærmynd af getnaðarlim sínum. Samkvæmt frásögnunum sem viðmælendur okkar hafa heyrt eru það ekki „dickpicks“ sem stúlkur sækjast eftir heldur myndir af stráknum berum að ofan. Baldur heldur áfram: „*Já það var ekkert farið nánar út í það sko, en það hérna, hann sagði að hún væri alltaf að biðja sig um að senda svona myndir af sér svona ber að ofan svona, eða eitthvað svona ef hann er með flottan líkama eða eitthvað... eitthvað svona „plís nennir þú að senda mér mynd af þér berum að ofan“ og eitthvað svona, eða eitthvað í þá áttina. Plís eða PLZ, eitthvað.*“

Útskriftarferð og þrýstingur

Þegar talið berst að útskriftarferðum skólanna kemur bersýnilega í ljós að þar eru allar hömlur sem eru í gildi heimafyrir settar til hliðar. Í hugum viðmælenda okkar eru útskriftarferðirnar að miklu leyti orgía áfengis og kynlífs. Arnór segir: „*Já, útskriftarferðir eru líka eitt stórt kynsvall! Og fólk veit það bara fyrir og er svona alveg spennt fyrir því en, og fólk finnst allskonar í lagi í útskriftarferðinni, það er bara gert ráð fyrir því að þær séu svona.*“ Arnór heldur áfram og segir að í útskriftarferðum séu allir með öllum, að þar kvikni „*gamlar ástir og nýjar*“. Í þessum aðstæðum þykja framhjáhöld ekki tiltökumál og því veldur það sérstökum kvíða hjá þeim sem eru í samböndum og vita af maka sínum í útskriftarferð með skólafélögum sem bera ekki virðingu fyrir sambandinu.

Samanburður á upplifun

Rétt eins og hjá strákunum þá skiptir samsetning vinnuhópsins miklu máli hjá stelpunum þegar kemur að kynferðislegum málefnum. Þær finna eins og þeir ríka þörf fyrir að falla inn í hópinn og öðlast svipaða reynslu og vinkonurnar. Ef vinkonuhópurinn er slakur yfir kynlífi og ekki mikil reynsla innan hópsins þá upplifa þær ekki eins mikla pressu til að byrja að stunda kynlíf eða til að prófa eitthvað nýtt. Þegar kemur að umræðu um kynlíf eða ef farið er í kynlífsleiki kemur í ljós að strákarnir hreykja sér fremur af mikilli eða fjölbreyttri kynlífsreynslu en stelpurnar leitast við draga úr þegar þær segja frá. Bæði kyn upplifa að einhverju leyti kvíða í tengslum við kynlíf, en strákarnir hafa áhyggjur af frammistöðu sinni á meðan stelpurnar óttast að finna til sársauka, sérstaklega í tengslum við fyrsta skiptið.

Bæði stelpur og strákar finna beinan og óbeinan þrýsting til að byrja að stunda kynlíf og til að prófa nýjungar í kynlífi. Þrýstingurinn kemur frá vinnuhópnum, orðræðunni og dægurmenningunni en einnig frá strákum. Bæði stelpur og strákar finna fyrir pressu til að standa sig gagnvart strákahópnum. Á meðan strákarnir sækjast meðvitað og ómeðvitað eftir viðurkenningu frá hópnum vilja stelpurnar þóknast. Sem dæmi um það má nefna endaparmsmök, strákarnir vilja geta sagt strákahópnum frá því að þeir hafi prófað það en stelpur gera það til að gleðja stráka, af því að strákunum langar svo að prófa. Vegna þrýstings leitast stelpur við að uppfylla þarfir og langanir strákanna óháð eigin löngunum.

Útlitskröfur

Útlitsdýrkun samfélagsins kemur endurtekið upp í samræðum við þátttakendur rannsóknarinnar. Viðmælendur okkar nefna marga líkamlega staðla sem ungmenni þurfa að huga að til þess að eiga möguleika á að uppfylla fegurðarstaðla samfélagsins

sem þau lifa og hrærast í. Aftur og aftur kemur fram meðvitund þeirra um að staðlarnir séu að einhverju leyti aðrir fyrir stráka en stelpur og að ákveðinn tvískinnungur einkenni kröfurnar sem þeir taka eftir að séu í gangi. Hugmyndir um að rakstur á kynfærahárum eigi að vera stundaður virðast vera mjög útbreiddar og þá bæði hjá strákum og stelpum. Þá eru þeir með ákveðnar hugmyndir um hvernig samfélagsmiðlar og klám spila sína rullu í að viðhalda fegurðarstöðlunum.

Strákastaðlar

Þátttakendurnir í rannsókninni áttu flestir auðvelt með að nefna nokkur atriði sem stelpur þurfa að uppfylla til þess að ná því eftirsóknarverða hlutskipti að vera taldar fallegar. Þegar kemur að stöðlum sem strákar þurfa að uppfylla verður færra um svör. Það virðist fátt standa í vegi fyrir strákum til þess að þykja aðlaðandi og Valgeir nefnir meira að segja að „dauðasyndin“ að vera feitur sé fyrirgefin hjá strákum: „Þú veist, jafnvel þybbnir strákar geta verið alveg hérna mjög öflugir í félagslífinu og hjá hinu kyninu.“ Þeir finna þó fyrir að til þess að vera frambærilegir þá þurfi þeir að vera snyrtilegir. Þeir nefna samt margir að vöðvastæltur líkami sé eitthvað sem stelpum finnist eftirsóknarvert en að hann sé ekki eitthvert skilyrði til þess að þykja eftirsóknarverður. Viktor lýsir þessu svona: „Stelpurnar tala nú alltaf um sixpack sko, en það það skiptir ekki öllu.“

Arnór er einn þeirra sem talar um hversu ólíkir staðlarnir eru fyrir stráka og stelpur. Strákar komist upp með mun minni fyrirhöfn til þess að teljast frambærilegir en aftur á móti séu kröfurnar sem þarf að uppfylla til þess að teljast „heitur“ það óraunhæfar að það sé varla á færi nema örfárra. Hann segir „En til að strákur sé heitur þá þarf hann að vera með 5% fitu, sem er fáránlegt, ef að, þú veist fyrir þá sem geta það ekki. Ég get það (hlær) en þarna, það er samt alveg, getur alveg verið góð hvatning fyrir þá sem taka því þannig en þeir sem eru kannski ekki í góðu formi þá brýtur þetta þá alveg niður fattarðu. Af því að það er bara mismunandi hvernig líkama fólk er með og líka hversu fljótir þeir eru að komast í form og svona en já.“ Þetta er ekki í eina skiptið sem Arnór kemur inn á að staðlar sem þykja að einhverju leyti sjálfsagðir gagnvart stelpum séu á einhvern hátt brenglaðir og fjarlægir þegar það er búið að yfirfæra sambærilega staðla yfir á stráka. Þessir óraunhæfu staðlar sem viðmælendur okkar tala um eru samt byrjaðir að hafa þannig áhrif á félagahópa í kringum þá að þeir nefna sérstaklega að þeir taki eftir að fleiri og fleiri strákar séu að sækja í líkamsrækt og séu að reyna að byggja upp vöðvamassa og nálgast þessa ímynd. Baldur tengir til dæmis líkamsræktina í hans hverfi aðallega við stráka að reyna að gera sig eftirsóknarverðari á meðan hann telur stelpurnar vera frekar heima að grenna sig.

Stelpustaðlar

Þegar Viðar er spurður út í hvort útlitskröfur séu til staðar í umhverfinu hans þá svarar hann: „*Já, annars myndi tinder ekki virka. (hlær) Það er alltaf á þessum aldri allavegana, þá skiptir útlit bara stjarnfræðilegu máli.*“ Á sama tíma og viðmælendur okkar segja að fegurð sé afstæð og ekki endilega ein tegund af fegurð eða einn staðall fyrir alla þá nefna þeir ákveðna þætti sem virðast vera í þeirra huga nær algildir þegar kemur að útlitskröfum sem eru gerðar til stelpna. Til þess að eiga einhverja möguleika mega þær ekki vera feitar og verða að hafa „fallett andlit“. Til þess að teljast „heit“ þá bætast við fleiri útlitskröfur sem þær verða að uppfylla.

Til þess að stelpa geti talist heit verður hún helst að hafa stóran barm, mjótt mitti og stóran rass. Viðmælendur okkar gera sér fyllilega grein fyrir því hvaðan fyrirmyndin kemur. Viktor lýsir eftirsóknarverðri stelpu sem mjórri og „fit“ og bætir við „*mögulega klám er að gera að staðalímynd fyrir mann með því að segja að þetta sé flott.*“

Strákarnir vilja hafa stelpurnar grannar og það þykir ekki smart að sofa hjá stelpu sem er þybbin eða feit. Viktor bendir á að viðbrögð vinanna breytist í takt við útlit hjásvæfunnar: „*[...]Jef ég myndi sofa hjá þessari þá væri það bara já „Vel gert, djöfull er ég stoltur af þér“ en ef ég myndi sofa hjá einhverri sem er kannski eitthvað smá chubby eða eitthvað þá væri það „Gaur, sjött maður, það eru allir að tala um þetta“, bara eins og maður hafi kveikt í húsinu sínu, bara verst í heimi.*“

Sumir drengjanna telja þó að það séu stelpur frekar en strákar sem séu að velta sér upp úr óraunhæfum kröfum um hvernig þær eigi að líta út og að þær sjálfar séu að bera sig saman við sömu staðalmyndir og þeir vísa til í kláminu. Arnór segir til að mynda: „*Stelpur kannski hafa miklar áhyggjur af því að vera ekki með nógu stór brjóst miðað við það sem sést í kláminu.*“ Hann bætir reyndar við: „*Það er reyndar algjör misskilningur, því allir strákar sem ég þekki gæti ekki verið meira sama um brjóstastærð. Gæti ekki verið meira saman, á meðan þau eru þarna þá skiptir stærðin engu máli. Strákar þæla miklu meira í rassinum held ég.*“ Þessi orð Arnórs gefa til kynna að þær séu kannski ekki að bera sig saman við rangar fyrirmyndir miðað við hvað strákarnir nefna, að þær séu bara að einblína á ranga líkamsparta til þess að hafa áhyggjur af.

Samfélagsmiðlar

Í öllum viðtölunum var minnst á hvernig samfélagsmiðlar hafa áhrif á hvernig viðmælendur okkar upplifa útlitskröfur þegar kemur að því að meta fólkíð í kringum sig. Þeir miðlar sem eru helst nefndir í þessu samhengi eru Facebook, Instagram og Tinder. Þeir tala um að á samfélagsmiðlum séu notendur að búa til einhverja ákveðna ímynd sem eigi að sýna viðkomandi í sem eftirsóknarverðustu stöðu.

Tinder er fyrst og fremst hugsað sem stefnumótaforrit þar sem notendur innan ákveðins radíusar við hver annan geta skoðað myndir af hver öðrum og sýnt áhuga á að vilja kynnast viðkomandi. Þeir sem sýna gagnkvæman áhuga eru tengdir saman þannig að þeir geti spjallað saman á rafrænan máta. Viðmælendur okkar komu sumir inn á hvernig virkni forritsins stuðlar að ofuráherslu á útlit. Brynjar kemst til að mynda svona að orði: „Ég sko, ég held að það sé algjör hræsni að reyna að finna kærustu þarna inni á Tinder. Þú veist ef maður er að leita af einhverju meira en bara útliti þá er bara, þú veist þetta byggir á því að þú finnur manneskju sem lítur vel út, þess vegna er svolítill hræsni að vera þarna að leita að manneskju með eitthvað gott hjartalag eða eitthvað svona. Síðan kannski bara „Nei þessi er of ljót“ eða „Þessi er heit“ eða eitthvað svona.“

Strákarnir koma einnig margir inn á að myndirnar sem fólk notar af sjálfu sér á prófílum, hvort sem það er á Facebook eða Tinder, gefa gjarnan misvísandi mynd af einstaklingnum sem birtir hana. Daníel virðist líta á þetta sem einhverskonar vörusvik: „Það eru svo mikið af stelpum sem breyta af sér myndum og svona, á öllu þessu. Eins og vinur minn var einu sinni að segja við mig, hann sá stelpu á Facebook og hann bara, já, var yfir sig hrifinn en svo bara sá hann stelpuna og þá bara... eeeh, nei. Þú veist [...] það var allt, allt önnur manneskja en hann sá á Facebook.“ Þessháttar „vörusvik“ eru hluti af þeim gerviheimi sem notendur nostra við að búa til og viðmælendur okkar tala gjarnan um á mjög neikvæðan máta.

Að sama skapi þá tala þeir um að þeir og aðrir í kringum þá skoði Facebook síður hjá aðilum sem þeir hafi áhuga á og að myndirnar skipti verulega miklu máli. Brynjar segir: „Þetta er orðið ótrúlega mikið svona að ef manneskjan á að vera kandídat þá þarf myndin að vera góð og flott og hún þarf að vera vel metin sko, þú veist ...“ Að vera „vel metin“ vísar í að það er ekki nóg að sá sem er að skoða myndina heillist heldur er einnig litið til þeirrar athygli sem viðkomandi fær á síðunni, hversu mörg „like“ myndin fær og skiptir þar litlu hvort viðkomandi sé strákur eða stelpa.

Skapahár

Útlitskröfurnar sem hafa verið ræddar hingað til eru þess eðlis að þær eru sýnilegar hjá klæddum einstaklingum. Líkamshár eru aftur á móti ívið persónulegri og ekki síst skapahárin sem virðast hjá flestum eiga að temja með rakstri.

Allir viðmælendur okkar fyrir utan einn kannast við þá pressu að líkamshár séu snyrt, bæði hjá körlum og konum. Þeir eru þó ósammála um hversu mikið eigi að raka og hvort það sé einungis skapahárin sem eigi að fjúka. Brynjar tjáir hér hvernig þetta birtist í huga þeirra flestra um að hár megi vera í einhverju magni svo lengi sem það sé snyrt: „Svona, svona lít ég út. Allavega fyrir mér, ég er ekkert. Ég raka mig ekkert það mikið ég er alveg loðinn hérna niður (bendir á bringuna) og það er alveg bara skegg og allt það sko, en en ég snyrti það alveg sko og meðan ég er ekki subbulegur að þá bara

„svona lít ég út.“ Arnór tekur það saman hvernig er lítið á þá sem ekki snyrta skapahárin: „Ég held samt alveg að stelpur myndu ekki fíla að vera með einhverjum sem væri bara alveg kafloðinn sko. Ég held að þú veist, ef þú sérð einhvern sem er bara kafloðinn þá er það bara merki um að hann er bara sveittur gæi. (hlátur) Þá er hann með sveittan pung.“

Skapahárin virðast vera tengd við óþrifnað, ólykt og subbuskap í huga þeirra flestra og svo nefna margir þeirra að þau stingi. „Subbulegt“ er orðfærið sem kemur ítrekað fram hjá þeim sem hafa skoðun á málinu og þeir tengja mikið hár við mikla lykt. Brynjar segir til dæmis: „Sko það er bara svona orðið ekkert endilega tengt kynlífi [fær undirtektir frá öðrum í rýnihópnum]. Þetta er orðið bara svona menningin sko, meira bara svona hreinlæti og lykt og slíkt.“ Á sama tíma og viðmælendur okkar segjast ekki tengja skapahárarakstur við kynlíf heldur bara almenna umhirðu þá kemur klárlega fram að það að snyrta kynfærasvæðið er tengt í huga þeirra að þeir líti vel út þegar þeir eru að fara að stunda samfarir. Brynjar heldur áfram að lýsa hvernig hann upplifir raksturinn og segir: „Þetta er svona plús en ekki eitthvað svona must, það er kannski eitthvað svona confident boozt eða svona, hann lítur út fyrir að vera stærri eða eitthvað svona eða þúst, maður lítur út fyrir að vera minna subbulegur eða eitthvað, what ever, en en þetta er ekkert must sko.“ Þannig verður útlit kynfæraanna, tilfinning fyrir stærri getnaðarlim, ekki beinlínis tengt kynlífi í huga viðmælenda okkar heldur bara eðlilegur hluti af daglegri umhirðu sem er þó gerð til þess að geta verið frambærilegur á þeim tímapunkti þegar á að stunda samfarir. Skapahárarakstur er því nauðsynlegur partur af því að stunda kynlíf. Arnór nær utan um hugmyndina með þessum orðum: „En flestir strákar raka sig, eða allavega þeir sem eru að fara að stunda kynlíf að einhverju viti, eða þú veist reglulega.“

Viðmælendur okkar nefndu gjarnan að það væri verið að benda á jafnaldra þeirra sem ekki eru snyrtir að neðan. Augngotur í sundi og jafnvel hressileg athugasemd skólafélaga í sturtuklefanum koma upp ef kynfærahárin þykja vera komin út fyrir velsæmismörk. Viktor lýsir svona uppákomu á eftirfarandi máta: „Ö, eins og einu sinni þegar ég var ekki búinn að raka mig í einhvern tíma, maður rakar sig ekkert alltaf, þá fékk ég svona “Hvað segirðu gamli á ekkert að fara klippa þetta eða hvað?” Setja svona á mann einhverja pressu að klippa eða raka.“

Strákarnir nefna tvennt sem kveikti hugmyndir þeirra um að eðlilegast væri að láta kynfærahárin fjúka; klámið og þættirnir Mannasiðir Gillz⁴. Margir af drengjunum nefna það hvað þeim finnst uppruni hárleysis á kynfærasvæðinu varhugaverður. Arnór virðist vera einn þeirra sem hefur heyrt að rekja mætti kynfæraháraraksturinn til klámsins og tenginguna þar við barnagirnd. Þegar hann er að tala um hversu mikið hár

⁴ Gillz er hugarfóstur Egils Einarssonar sem undir því nafni hefur gefið út fjórar bækur, sjónvarpsþáttaröð og kvikmynd þar sem ungum körlum eru lagðar línurnar um hvernig eigi að vera „alvöru karlmaður“. Boðskapur Gillz hefur verið harðlega gagnrýndur og greindur meðal annars í grein Ástu Jóhannsdóttur og Kristínar Önnu Hjálmarsdóttur (2011).

er rakað burt segir hann: „*Taki allt af, já oftast eða eiginlega alltaf. Sem er samt svo veikt út af því að það er, eða kemur úr klámiðnaði uppá að láta þær lúkka yngri og eitthvað svona*“. Viktor er sá sem talar mest um áhrif æskufyrirmyndar sinnar Egils „Gillz“ Einarssonar: „*[E]ins og í Mannasiðum Gillz þá var bara regla hjá honum að að þú verður að raka þig og mín kynslóð var að horfa á þetta þegar við vorum 12 ára skilurðu og þaðan fékk ég hugmyndina*.“ Þegar nánar er að gáð er rakstur á kynfærasvæðinu ekki alltaf gegnum gangandi.

Þegar viðmælendur okkar voru spurðir út í hvort kynfærahár hjá stelpum vektu einhver sérstök viðbrögð þá virtist hjá þeim flestum hárvöxturinn skipta töluverðu máli. Þegar þeir voru beðnir um að ímynda sér hvernig þeir myndu bregðast við ef þeir færu heim með kvenmanni sem hefði loðið klof var augljóst að þeir höfðu áhyggjur af lykt og óþrifnaði. Enginn þeirra sagðist alls ekki geta hugsað sér kynmök við svona aðstæður en að þeir gerðu það með semingi og væru tilbúnir til að draga sig úr aðstæðunum. Ari lýsir nálgun sinni svona: „*Ég myndi prófa bara en svo ef það er alveg óbærilegt þá þú veist reynir maður að vera kurteis*.“ Sumir stungu upp á að hægt væri að stunda ákveðnar tegundir af kynlífi eða kynlíf í ákveðnum stellingum þar sem hárvöxturinn væri ekki hamlandi og Ari stakk meira að segja upp á að í þessum aðstæðum væri mögulega sniðugt að stinga upp á sameiginlegri sturtuferð þannig að lykt og óþrifnaður væri ekki að trufla.

Munnmök og skapahár áttu ekki sérlega góða samleið í hugum viðmælenda okkar. Sumir segja með semingi að slíkt myndi ekki stoppa sig á meðan aðrir taka slíkan gjörning ekki í mál. Þeir nefna lykt og hár sem fer upp í kok eða festist milli tanna.

Viðmælendur okkar nefna að þeir séu meðvitaðir um að vera „snyrtilegir“ þegar þeir fara á ball eða á skemmtun þar sem möguleikinn á bólförum er til staðar. Hluti af undirbúningnum er þá að þrífa sig og klæða sig í sparigallann og passa að skapahárin séu vel snyrt eða rökuð burt. Skapaháaraksturinn er því ekki stundaður í hvert sinn sem viðkomandi fer í sturtu eða tekur sig til heldur tengdur kynlífsathöfnum og makamarkaðinum. Þá komu mismunandi skoðanir fram um það hvort fólk sem væri komið í samband hætti að stunda kynfæraháarakstur. Sumir vildu meina að raksturinn héldi áfram á meðan aðrir töldu hann minnka eða hætta algjörlega og að í raun skipti hárvöxturinn ekki máli þegar liðið væri á sambandið, að fólk gerði bara það sem það langaði eða „nennti“. Þeir nefndu jafnframt að stelpur sem byggju yfir miklu sjálfstrausti þyrftu ekki að hafa fyrir því að raka sig, eða í það minnsta að hafa miklu minna fyrir því. Sjálfstraustið á þá þannig að gefa stelpum kjarkinn til að sleppa rakstri og hreinlega bjóða strákunum að taka við sér eins og þær eru eða hypja sig ella, og þetta þótti sumum viðmælendum okkar eftirsóknarvert.

Útlit kynfæra

Annað sem viðmælendur okkar nefndu sem gæti aftrað strákum frá því að stunda kynlíf með stelpum er ef að kynfærin á stelpunni væru með áberandi langa innri skapabarma. Viðmælendur okkar tóku þann pól í hæðina að slík viðbrögð við löngum skapabörmum væru algjörlega út í hött. Einar var einn þeirra sem sagði svipaða sögu og aðrir: „Ég hef heyrt bara með svona, náttla ekkert eins og ég hef heyrt bara svona með stelpu og strákur sem bar út sögu um það í MR að hún væri bara með mesta roast beef sem hann hafði séð á ævi sinni, og allir vissu það sko, leiðinlegt fyrir þessa stelpu sko að [annar viðmælandi jánkur], það er ekkert óeðlilegt við þetta og þetta er bara að skemma fyrir henni sko.“ Brynjar er einn þeirra sem ber drengjum sem bera út sögur um mikla skapabarma ekki vel söguna og segir: „[P]að er alltaf einhver einn gaur sem svona breiðir út sögur,[...] svona einn fáviti sem eyðileggur svona fyrir hinum.“

Þrátt fyrir að viðmælendur okkar hafi hugmyndir um að samfélagið sé útlitsdrifið og séu með allskyns hugmyndir um hvernig eftirsóknarverðar stelpur eigi að líta út þá eru þeir allir á því að útlitið sé nokkuð sem maður sé upptekinn af þegar viðkomandi sé ungur. Sumir þeirra gefa til kynna að þeir sjálfir séu hættir að vera svona uppteknir af útliti og leiti að öðrum eiginleikum hjá maka sínum. Arnór á orðið: „Maður svona vex líka upp úr þessu held ég. Þetta er svo yfirborðskennt, en það er svona líka því oftast sem þú ert í kringum fólk því meira ferðu að þæla bara í persónuleikanum þú veist.“

Samanburður á upplifun

Í menningu þar sem samfélagsmiðlar ráða lögum og lofum skiptir útlit miklu máli. Bæði stelpur og strákar vilja líta vel út og upplifa töluverðan þrýsting til að falla í það mót sem samfélagslega hefur verið viðurkennt sem fallett. Bæði kynin eru þó sammála um að mun meiri kröfur eru gerðar til útlits stelpna en stráka. Strákar eiga að vera snyrtilegir og grannir, ekki verra ef þeir eru vöðvastæltir og með sjáanlega magavöðva. Stelpur þurfa þó helst að vera með „allan pakkann“.

Þegar rætt var um útlitskröfur til stelpna sögðu strákarnir að þær snerust fyrst og fremst um að stelpur mættu helst ekki vera feitar, ættu að vera andlitsfríðar og mittisgrannar. Rass og brjóst skipta líka einhverju máli. Stelpurnar upplifðu að líkamsgerðin væri aðeins hluti af pressunni því í ofanálag þyrftu þær að standa undir væntingum varðandi klæðnað, förðun og hárgreiðslu svo dæmi séu tekin. Það er alltaf hægt að finna eitthvað sem er ekki nógu gott, brjóstin of stór eða of lítil, tennurnar ekki nógu hvítar, hárið ekki nógu þykkt eða hvað sem er. Stelpurnar upplifa að það skipti í raun ekki máli hversu vel stelpa líti út, hún sé aldrei nógu góð.

Það skiptir miklu máli þegar myndum er deilt á samfélagsmiðlum að fá mörg læk á myndina, það er staðfesting á því að viðkomandi stelpa eða strákur sé nógu falleg/ur og eða nógu vinsæl/l.

Líkamshár eru almennt ekki velkomin hvorki hjá stelpum né strákum og þá sérstaklega ekki skapahár, hár undir höndum eða á fótleggjum. Það er þó meiri slaki varðandi hárvöxt hjá strákum en stelpum. Bæði kyn upplifa líkamshár sem ósnyrtileg og telja það merki um subbuskap að fjarlægja þau ekki. Stelpurnar finna meira fyrir þessum þrýstingi en strákarnir og töluðu um að þessi krafa væri þeim gjarnan óþægileg. Endalausri líkamshárasnyrtingu fylgja gjarnan harðir broddar og inngróin hár sem oft geta valdið óþægindum á viðkvæmum svæðum líkamans. Þær segja þó erfitt að brjótast út úr norminu og vera ekki eins og hinir. Það vill enginn lenda í því að vera kölluð eða kallaður subba.

Druslustimplun – Kóngur eða drós?

Enn virðist ungt fólk búa við það ójafnrétti að kynferðisleg reynsla er litin ólíkum augum eftir því hvort stelpa eða strákur á í hlut. Stelpur eru dæmdar mun harðar en strákar ef þær fara yfir ósýnilegu línuna sem markar hversu marga bólfélaga viðkomandi má hafa átt. Aðeins einn viðmælandi taldi að strákar væru dæmdir á sama hátt og stelpur en síðar í sama viðtali sagði hann að stelpur mættu eiga helmingi færri bólfélaga en strákar, en að það væru fyrst og fremst aðrar stelpur sem sætu í dómarasætinu.

Hinir strákarnir voru allir sammála um að strákar gætu þótt ógeðslegir ef þeir hefðu of mikla reynslu, ef þeir gortuðu sig of mikið af kynferðislegri reynslu og eins ef þeir reyndu of mikið. En jafnframt sögðu þeir að þó slíkir strákar fengju ekki viðurkenningu þá kæmi þetta yfirleitt ekki í veg fyrir að þeir „skoruðu“. Stelpur aftur á móti eru umsvifalaust kallaðar druslur ef þær gæta ekki að kynferðislegu orðspori sínu eins og Viktor bendir á:

„[...] og þá getum við farið að bera saman þegar strákur er búinn með margar, búinn að stunda kynlíf oft og þegar stelpa er búin að stunda kynlíf oft. Það er bara himinn og haf, svart og hvítt sko. Ef þú ert strákur, þá ertu kóngur, þá ertu aðalkallinn sko. Ef þú ert stelpa þá ertu bara lítilsverð drós. Bara búin að, bara auðveld þú veist. Það er ekki eftirsótt orðspor hjá stelpum.“

Brynjar tekur undir og segir:

„Ég er ekki að segja að það eigi að vera þannig en það er oftast litið á það þannig að, já hann er ofsalega mikill töffari af því að hann hefur kannski segjum bara hann hefur farið heim með 10 stelpum, en þessi stelpa sem hefur sofið hjá hún er bara drusla, eða ekki drusla, það er búin að gera það að ekki svo slæmu, hún er bara hóra af því að hún hefur farið heim með 10 strákum.“

Viðmið um fjölda bólfélaga eru önnur fyrir stelpur en stráka, þeir hafa leyfi til að stunda kynlíf með fleiri bólfélögum en þær. Það er þó ekki eingöngu fjöldi bólfélaga sem verður til þess að einhver er álitin drusla heldur skiptir hegðun viðkomandi miklu máli. Stelpa sem er mjög ung þegar hún missir meydóminn getur verið kölluð drusla og eins stelpa

sem stundar kynlíf með fáum strákum sem þó tilheyra sama vinahópi. Viðmælendur telja að stelpa sem ekki gætir vel að hinu kynferðislega orðspori, stelpa sem sefur hjá mörgum eða stundar kynlíf sem er umfram ásættanleg viðmið hópsins, eigi bággt. Stelpa sem sýnir af sér slíka hegðun ber ekki virðingu fyrir sjálfri sér og höfðu tveir viðmælendur á orði að svoleiðis stelpa væri líklega ekki mjög greind. Viktor tók dæmi um hverskonar stelpur hann telur að fái á sig druslustimpil.

“[É]g vil ekki vera leiðinlegur og þetta er trúnaður en það er, hún er kannski ekki eins svona greind. Ég vil ekki fullyrða það sko en einmitt, þetta eru svona stelpur sem hafa mikinn áhuga á útlitinu sínu og það endar bara þar. Svona stelpur sem hafa bara áhuga á að hanga í símanum sínum heldur en að lesa einhverjar uppbyggjandi bækur eins og já. En þetta er aðallega, en ég vona, ég vil trúna að þær eigi eftir að þroskast meira.”

Atli sagði sögu af stelpu sem hafði stundað kynlíf með nokkrum strákum í sama bæjarfélaginu, þeir höfðu allir gortað sig af því en hún var dæmd fyrir að vera drusla. Atli telur að stelpan eigi við vandamál að stríða. *„Vandamál varðandi sjálfsvirðingu og svona ýmislegt. Og það er örugglega hægt að beintengja það við þessi atvik, að hafa svona lítið sjálfstraust.“* Strákarnir telja að þroskuð stelpa með gott sjálfstraust og sjálfsvirðingu myndi ekki stunda kynlíf með mörgum mismunandi aðilum eða mörgum í sama bæjarfélagi. Stelpa sem gerir slíkt er því samkvæmt strákunum ekki að stunda kynlíf á eigin forsendum af því að hana langar til þess heldur vegna þess að hún hefur svo lélegt sjálfstraust og er ófær um að gæta að orðspori sínu. Strákarnir voru á heildina sammála um að það væri ósanngjarnt að stelpur og strákar væru dæmd á ólíkan hátt fyrir sömu hegðun. Þeir áttuðu sig þó ekki á því að þeir væru sjálfir með ákveðna staðalmynd í huganum þegar þeir ræddu um druslustimplun og að þeir sjálfir töluðu niður þær stelpur sem óvarlega hafa farið á kynferðissviðinu, út frá viðmiðum strákanna.

Samanburður á upplifun

Það gilda ekki sömu reglur um fjölda bólfélaga eða um kynlífshegðun stráka og stelpna. Bæði kyn upplifa að stelpum leyfist ekki sama kynferðislega framkoma og strákum. Strákar telja stelpur sem fá á sig druslustimpil vera með lágt sjálfsmat, lélegt sjálfstraust eða að þær beri ekki virðingu fyrir sjálfri sér. Þeir eru þó sammála því að það sé ósanngjarnt að stelpur fái á sig stimpil en ekki strákar fyrir sömu hegðun. Þeir segja frá því að sumir strákar séu dæmdir upp að vissu marki sem druslur, en að það skipti þó eiginlega ekki máli því það hafi engin áhrif. Stelpurnar eru dæmdar mun harðar og stimpillinn fylgir þeim áfram. Það vill enginn eiga kærustu sem er drusla. Stelpurnar töluðu um að stelpur væru oft fljótar að dæma aðrar stelpur sem druslur og það væri mögulega oft vegna samkeppninnar um athygli strákanna. Þær viðhalda ójafnréttinu milli kynjanna með því að dæma kynsystur sínar hart fyrir hegðun sem þær sjálfar dæma stráka síður fyrir.

Klám

Klám virðist hafa töluverð áhrif á hugmyndir ungra karla um kynlíf í dag. Klámáhorf er ekki tabú lengur heldur telja viðmælendur okkar klám vera eðlilegan hluta af dægrastyttingu ungs fólks. Brynjar segir t.a.m. að það sé ótrúlega viðurkennt að fólk almennt horfi á klám, hinir eru honum sammála og segja að klámáhorf sé bara sjálfsagður hlutur. Þeir telja að klámáhorf sé svo eðlilegt að varla þurfi að minnst sérstaklega á það. Eftir umræðu um Norðurlandamet íslenskra drengja í klámáhorfi sagði Viktor „... *Ég verð nú að segja að flestir sem ég þekki horfa á klám alveg daglega. Þannig að við getum örugglega slegið þetta met.*“

Í menningu þar sem klám er talið eðlilegt þá vaknar sú spurning hvaða viðbrögð ungur karl fær sem ekki hefur áhuga á klámi. Ari tók dæmi um slíkt og sagði: „*Ég man eftir einni blakferð sem var hérna 3. flokkur eða eitthvað. Og eitt kvöldið þá voru strákarnir að tala um klám. En síðan, það voru þú veist allir að tala um klám, en síðan var spurt einn strák „en hvað finnst þér um þetta“, eitthvað ákveðið í klámi? Og strákurinn sagði „ég horfi ekki á klám“. Og allir hinir sögðu „HA Í ALVÖRUNNI! Horfirðu ekki á klám?“ Og þeim fannst þetta mjög sérstakt og fannst hann alveg vera saklaus gaurinn af því að hann horfir ekki á klám.*“

Ítrekað kom fram í viðtölunum hversu ungir strákar eru þegar þeir byrja að horfa á klám og telja strákarnir að fullorðið fólk geri sér alla jafna ekki grein fyrir því hversu snemma klámáhorfið hefst. Daði telur að strákar séu um tólf ára þegar þeir byrja að horfa á klám reglulega en Ari telur að þeir séu ekki mikið meira en ellefu ára þegar klámneyslan hefst. Arnór er sammála strákunum en hann upplifir þó að spennan fyrir kláminu minnki með aldrinum og segir að stundum leiðist honum að horfa á klám. Hann orðaði það á þennan hátt: „*Já, eða ég dett frekar bara í einhvern þátt og fer svo að sofa. Í alvöru út af því bara einhvern veginn, maður fær bara nóg eins og af öllu öðru. En þúst svona í fyrsta, öðrum og þriðja bekk og líka langmest í, eða ég held að fólk geri sér ekki grein fyrir því hvað allir byrja að horfa fáránlega snemma, það er alveg í þúst 7. bekk eða eitthvað, í grunnskóla.*“

Þegar leitað var svara við því af hverju strákar byrja að horfa á klám svo ungir komu fram ýmis svör. Algengt er að spennan yfir því að gera eitthvað sem er bannað stjórnari fyrstu áhorfum. Þá snýst spennan miklu heldur um það að brjóta reglur en um forvitni í tengslum við kynlíf, það virðist koma í kjölfarið. Þó nokkrir strákar minntust á að í grunnskóla hefði verið algengt að opna klámsíður í tölvutímum til að stríða bekkjarfélögum sínum eða til að stuða kennarann. Vinir virðast einnig oft mana hvern annan til að kíkja á klámsíður og svo þegar strákarnir byrja að stunda sjálfsfróun leita þeir í klámið fyrir örvun, enda hafa þeir þá margir áttað sig á þeim líkamlegu áhrifum sem klámið getur haft.

Eins og fram hefur komið áttu viðmælendur allir svipaða sögu að segja um þá kynfræðslu sem þeir höfðu fengið í grunnskóla og töldu þeir hana vera of litla, of

líffræðilega og of vandræðalega. Aðspurðir hvort að strákar leiti sér þá upplýsinga um kynlíf í klámi sagði Brynjar: „Algerlega, já eða það svona já flestir. Það snýr að svona fyrstu, eða hvernig þetta fer fram og þú veist, ég vissi ekki einu sinni hvernig þetta fór fram áður en ég byrjaði að horfa á klám sko.“ Hann sagði einnig að klám nýttist gjarnan vel til að fá ýmsar hugmyndir og til að finna út hvar mörkin liggja hjá hverjum og einum „já, og svona kannski oft svona bara hugmyndaflæði, maður fær svona hugmyndir og svona kannski, maður oft svona kannski, maður fer alltaf svona í grófara og grófara eða finna svona „okey þetta er ógeðslegt“ og þá þarf maður að fara til baka og svona, maður er svona að prófa sig áfram og sjá hvað manni finnst um hvað.“

Strákarnir töluðu um að þör skoðuðu gjarnan klám saman til að fá hugmyndir en voru flestir sammála um að það væri þó oftast á forsendum stráksins en ekki stelpunnar eins og Elías benti á: „Meira hjá strákum heldur en stelpum sko, ég held að strákar séu meira svona að fantasera hvað er að gerast í, eða vilja gera það í alvöru, herma eftir gaurunum og svona.“ Ari tók undir og sagði: „Þetta er alltaf gert fyrir karlmenn, þetta er alltaf, maður sér aldrei konuna þú veist ofan á eða þú veist svona biðja um það svona jafnmikið og karlarnir svona, þeir stjórna.“

Viðmælendur hafa tekið eftir því í umræðunni og í vinahópum sínum að sumar stelpur horfa líka einar á klám, þó það sé ekki eins algengt og hjá strákum. Samkvæmt mælingum sem farið var yfir í kaflanum um fræðilegan bakgrunn horfa stelpur þó enn þá mun minna á klám en strákar og telur Brynjar að ein ástæðan fyrir því sé mögulega birtingarmyndir kynjanna í klámi. Hann orðar það svo: „Það gæti svo sem verið af því að í svona klámi þá eru konur oft, eða svona í 99,9 prósentum af svona klámi eru konur hlutgerðar eða niðurlægðar þannig að það er kannski alveg eðlilegt að konur séu ekki sérlega spenntar að horfa á svoleiðis.“

Viðmælendur voru sammála um að strákum bregði stundum svolítið við að heyra af klámáhorfi stelpna og Arnór minntist á að sumir strákar hefðu jafnvel áhyggjur af því. Aðspurður hvers vegna sagði hann: „Þeir eru kannski orðnir hræddir uh, eða aftur orðnir óöruggir með sig og halda að þær séu að gera þessar væntingar til þeirra... sem er samt það sem strákarnir sjálfir eru að gera, þú veist þessar væntingar til stelpnanna og öfugt, út af kláminu. Strákarnir eru hræddir við að þetta komi í bakið á þeim, en ég veit það ekki.“

Arnór óttast að stelpur fari að krefjast þess að strákarnir uppfylli þær útlits- og frammistöðukröfur sem þær hafa séð í klámi og hann er hræddur um að strákar telji sig ekki færa um að uppfylla þessar kröfur. Hann tekur typpastærð sem dæmi og segir: „Þú veist ímyndum okkur að allar stelpur myndu byrja líka að horfa á klám í 7. bekk og væru búnar að horfa á klám á fullu í fjögur ár og síðan koma þær í menntaskóla og eru að fara að missa meydóminn og þá skilja þær ekki neitt í þessu, þá finnst þeim þetta ekki venjulegt og verða bara fyrir vonbrigðum.“ Hann er meðvitaður um að strákar setji gjarnan slíkar kröfur á stelpur, að þær uppfylli ákveðnar væntingar sem þeir hafa sett

fram út frá klámi og hann veit að þetta eru ósanngjarnar væntingar sem ómögulegt er að uppfylla.

Þar sem fleiri strákar horfa á klám, byrja fyrr og horfa oftar en stelpur sækja þeir meira í hugmyndir um kynlíf í gegnum klámið og þeir líta svo á að þeir séu stjórnendur. Kynlífið snýst fyrst og fremst um forsendur strákanna, það sem þá langar að prófa. Í viðtölunum kom fram að strákarnir fara oft varlega að því að biðja hjásvæfur sínar eða kærustur um að prófa eitthvað úr klámi en enginn þeirra minntist á það að stelpur væru að biðja stráka að prófa hluti sem þær hefðu séð. Þeir virðast leiða í þessum umræðum, valdið er í þeirra höndum. Aðspurðir hvað það væri helst sem stráka langar að prófa og eru að biðja stelpur um að leika eftir úr klámmyndum komu endaparmsmök nánast undantekningarlaust fram. Auk þeirra minntust strákarnir á nýstárlegar stellingar og munnmök. Það virðist vera algengt að stelpur gefi strákum munnmök þegar þau eru ung og óreynd kynferðislega en strákar gefi stelpum munnmök þegar þeir hafa öðlast meiri kynferðislega reynslu og hafa öðlast aukinn þroska. Samkvæmt viðmælendum þykir það eðlilegra að stelpa veiti strák munnmök þegar um einnar nætur gaman er að ræða heldur en að strákurinn veiti henni slík mök. Varðandi endaparmsmök þá virðast þau vera eitthvað sem haka þarf við rétt eins og fyrsta skiptið. Þannig snýst athöfnin meira um það að hafa prófað og mögulega að geta sagt frá því en minna um áhuga og ánægju af því að stunda slíka tegund kynlífs. Ari reyndar telur að þrátt fyrir að áður hafi þótt merkilegt að segjast hafa prófað endaparmsmök þá sé það orðið svo algengt í dag að varla taki því að minnast á það. Þegar hann var spurður hvort þetta væri þá orðinn partur af „hefðbundnu“ kynlífi sagði hann: „*Kannski ekkert endilega partur af, ég held að það sé meira bara ekkert minnisstætt af því að þetta er svolítið, eða þetta er orðið það vinsælt að þetta er ekkert svona...*“

Áhrif kláms á hugmyndir ungra karla um líkama og kynlíf

Viðmælendur telja að mikið áhorf á klám skapi ákveðnar hugmyndir í huga ungra karla hvað varðar útlit kvenlíkamans. Strákar leita eftir ákveðnu útliti hjá stelpum og þær mega t.a.m. ekki vera þybbnar. Það kom ítrekað fram í viðtölunum að stelpun ætti fyrst og fremst að vera grönn. Daði segir um draumaútlitið: „*Ég held að það sé líka að fólk sé að leita sér að þú veist strákar séu að leita sér að stelpu með stór brjóst og stóran rass og svona.*“ Einhverjir strákanna höfðu þó orð á því að væntingarnar væru óraunverulegar eins og Viktor benti á: „*Já, ö, þegar maður er ekki raunveruleikafirrtur þá veit maður að konur eru ekki allar með risastór brjóst og rassa og flata maga. Þú veist, konur eru alla vega. Sko, líta allar öðruvísi út og líta mismunandi. Og það verður bara að taka fólki eins og það er. Ef maður vill eiga einhverskonar tilfinningasamband með þeim.*“ Hann tengir útlitið við tegund sambandsins, ef um tilfinningasamband er að

ræða þá má slaka á kröfunum en ef leitað er eftir bólfélaga þá er betra ef viðkomandi líkist klámstjörnu.

Strangar reglur virðast gilda um hárvöxt á líkamanum og þá ekki síst um skapahárin. Viðmælendur eru allir sammála um að það sé merki um snyrtimennsku að fjarlægja skapahárin af líkamanum. Þeir telja það subbulegt að vera loðinn og að það eigi bæði við um karla og konur. Það er töluverður þrýstingur á ungt fólk að fjarlægja óvelkomin háir og það fréttist fljótt ef einhver gerir það ekki. Viktor segir „[...] en já það eru mjög miklar kröfur um það að vera rakaður.“ Hann sjálfur hefur fengið athugasemd við það að vera ekki nógu snyrtilegur þegar hann hafði sleppt því að raka sig í smá tíma. „Mmm, en flestar stelpur eru rakaðar - en hérna þegar ég var í þessu þá var ég bara í sturtu á leiðinni í sundtíma og þá kom einhver svona „gaur ætlaðu ekki að raka þig maður?“ ekkert verið að gera svona grín að manni, bara svona „gaur! Hvað er að fréttu?““ Þannig gætir hópurinn að því að enginn brjóti hin ósýnilegu viðmið og viðheldur kröfunni um að allir séu eins.

Þegar Viktor er spurður að því hvaðan hin hárlausa krafa kemur í raun segir hann: „Þetta kemur pottþétt frá kláminu. Það eru allir rakaðir þar. Það er alltaf talað um að allir þurfi að vera rakaðir, en samt sko, samt held ég að þetta skipti engu máli þegar kemur að því að fara í bólið.“ Hann telur að hárlausi skipti raunverulega ekki máli þegar kemur að kynlífi en hinir strákarnir eru honum ósammála með það. Arnór nefnir dæmi: „Ég man að ég heyrði einhvern tímann þá var umtalað að einhver strákur var með einhverri stelpu og hún var bara kafloðin skilurðu, það er líka bara held ég ekki snyrtilegt. Það var bara umtalað að hún hefði verið svona loðin.“ Elías tók einnig fram að þegar kæmi að munnmökum þá gæti hann sjálfur ekki hugsað sér að gera slíkt með stelpu sem ekki væri hárlaus á kynfærasvæðinu. Þeir eða þær sem ekki fylgja hárlausu kröfunni eiga þannig á hættu að fá að finna fyrir því með slæmu umtali og upplifa jafnvel höfnun og niðurlægingu.

Klámvæðingin hefur ekki eingöngu áhrif á hugmyndir ungra karla um útlit líkamans heldur einnig hugmyndir þeirra um kynlíf almennt. Eins og áður kom fram leita strákar í klám sem uppsprettu þekkingar um kynlíf og með aukinni klámnotkun upplifa strákarnir að krafan um grófara kynlíf verður sífellt háværar eins og Elías bendir á: „Mér finnst það bara verða grófara og grófara, það er ekki lengur nóg að stunda bara venjulegt kynlíf það þarf alltaf eitthvað meira sko.“ Mörkin á því sem eðlilegt þykir í kynlífi ungs fólks virðast teygjast sífellt samhliða auknu klámáhorfi og löngunin til að herma eftir myndböndunum fylgir með. „Ég held að enn þá með bara miðað við klám þá komast allir í þetta og þetta er úti um allt og það er bara eðlilegt í myndböndum að það sé bara ein gella og átján gaurar kannski. Ef þeir eru að fara að taka þetta til fyrirmyndar kannski að þá, fólki langar að prófa þetta.“

Samanburður á upplifun

Ekki hvílir mikil leynd yfir klámáhorfi ungs fólks í dag, samkvæmt öllum viðmælendum okkar þykir það eðlilegt að strákar horfi á klám. Bæði stelpurnar og strákarnir segja að margar stelpur horfi þó líka á klám en telja að þær byrji seinna, horfi mun sjaldnar og ekki á eins gróft klám og strákarnir. Það er viðurkenndara að strákar horfi reglulega á klám í ýmsum tilgangi. Bæði kynin átta sig á því valdaójafnvægi sem ríkir í klámi og hversu mikið konur eru niðurlægðar og misnotaðar í þágu kynferðislegrar ánægju karla. Bæði kynin telja einnig að hugmyndir margra um kynlíf mótist mikið af þeim birtingarmyndum kynlífs sem leynast í klámi. Því séu margir ungir strákar með „brenslaðar“ hugmyndir um kynlíf í kollinum.

Stelpurnar sögðu strákana gjarnan þrýsta á stelpur að leika eftir athafnir sem þeir hafa séð í klámi og þær telja stráka sem horfa mikið á klám ekki mjög gefandi elskhuga. Þær hafa einnig áhyggjur af því að stelpur séu að stunda ákveðnar kynlífsathafnir eingöngu til að svala forvitni stráka eftir klámáhorf. Enginn viðmælandi talaði um að stelpur þrýstu á stráka að leika eftir klámatriði. Strákarnir sögðust óttast það að stelpur séu farnar að horfa á klám því að þá fari þær mögulega að setja óraunhæfa pressu á útlit og frammistöðu bólfélaga sinna, rétt eins og þeir sjálfir gera oft við kvenkyns bólfélaga sína í dag. Við þessa tilhugsun telja þeir að frammistöðukvíði stráka geti aukist.

Kynfræðsla

Ef miðað er út frá nokkuð samhljóma reynslu viðmælenda má ljóst vera að víða er pottur brotinn í þeirri kynfræðslu sem í boði er í skólakerfinu í dag. Allir viðmælendur voru sammála um að þeir hefðu ekki fengið nægilega mikla og markvissa kynfræðslu og hefðu þeir allir viljað fá meiri og betri fræðslu bæði í grunn- og framhaldsskóla. Sumir sögðust nánast enga kynfræðslu hafa fengið en aðrir höfðu fengið einhverja fræðslu en töldu hana bæði of litla og ómarkvissa. Fræðslan sem strákarnir hafa fengið virðist hafa verið nokkuð misjöfn en þeir voru þó allir sammála um að í kynfræðslu væri aðallega lögð áhersla á líkamann og kynsjúkdóma. Þeir voru á einu máli um að það vantaði að bjóða upp á almennar samræður um kynlíf og tilfinningar. Þeim þótti skorta upp á félagslegu hlið kynfræðslunnar. Strákarnir töldu ýmislegt fram þegar þeir ræddu um skort á kynfræðslu. Þegar Arnór var spurður hvað hann hefði til dæmis viljað fá fræðslu um nefndi hann frammistöðukvíða sem dæmi, hann telur að margir strákar upplifi slíkan kvíða en það sé aldrei rætt upphátt. Í staðinn sitji strákar einir uppi með áhyggjur af því að standa sig ekki þegar á reynir og þora ekki að ræða áhyggjur sínar upphátt. Þeir telja margir sig vera eina um að bera þessar áhyggjur og í stað þess að ræða málin leita þeir í lausnir eins og stinningarlyf til þess að standa sig. Arnór telur að með betri kynfræðslu

megi koma í veg fyrir slíkan kvíða hjá ungum strákum. Eins talaði hann um mikilvægi þess að ungmenni fái þjálfun í því að tala opinskátt um samþykki og mörk þegar kemur að kynlífi: „Þetta snýst líka bara um félagslegan þroska, þess vegna þarf að tala miklu meira um þetta af því að sumt fólk gerir sér ekkert almennilega grein fyrir því hvað er yfir strikið og hvað er ekki yfir strikið. Sumir vita bara ekki nákvæmlega hvar strikið er. Það er bara mismunandi eftir fólki“.

Klám hefur áhrif á hugmyndir ungra karla um kynlíf og telur Arnór því mikilvægt að ræða um hvar mörkin liggja hjá hverjum og einum, hvað viðkomandi einstaklingar vilja gera og hvað þeir vilja ekki gera saman í kynlífi. Þannig minnka líkurnar á misskilningi og að mörk einstaklinga séu ekki virt eða farið sé yfir þau án þess að viðkomandi átti sig á því. Þegar Arnór var spurður að því hverju hann myndi helst vilja bæta við í kynfræðslutímum sagði hann: „[...]Það væri geggjað ef normið væri kannski bara samræður um kynlíf.“ Ari er sammála Arnóri varðandi skort á umræðu um samskipti, hann orðaði það svo: „Líka, ekkert talað um skilurðu samskipti, það var kannski minnst á það en það var ekki undirstrikað hve mikilvægt það getur verið að hafa góð samskipti og auðvitað, þú veist á þessum tíma var maður byrjaður að horfa á klám. Þú veist maður kann á internetið og maður er kominn út í þú veist, maður er orðinn meðvitaður um ákveðnar tilfinningar í líkamanum, en síðan eru þau bara eitthvað svona hikandi.“

Hikandi kennarar komu oft upp í umræðum um kynfræðslu, Viktor tók dæmi um slíkt þegar hann sagði frá því að þegar hann var í 10. bekk hefðu tveir karlkennarar ætlað að taka að sér kynfræðslu reglulega yfir veturinn og leist krökkunum vel á það. „Við vorum svolítið spenntir fyrir þessu strákarnir. Svona braut upp kennsluna og var svona öðruvísi.“ Þegar á reyndi voru kennararnir þó „[...]svolítið kindarlegir þarna fyrir framan allan tíundabekkjarganginn að tala um þetta og svo var bara hætt með þetta.“ Þar með var fræðslunni lokið og þótti honum það miður því honum hafði litist vel á þetta í upphafi og verið spenntur fyrir fræðslunni. Viktor hefur síðan enga kynfræðslu fengið í framhaldsskóla. Aðrir viðmælendur hafa svipaða sögu að segja, þ.e. varðandi það að kennarar verði vandræðalegir og kynfræðslan fyrir vikið ekki góð. Brynjar talaði einnig um að kennarar veigruðu sér oft við því að ræða um kynlíf við nemendur og telur hann að ástæðan sé að kennarar sjái unglunga sem viðkvæmar sálir sem þarf að vernda fyrir slíkri umræðu. Eins og þeir óttist að í kjölfar fræðslunnar rjúki nemendur út og vilji prófa allt sem þeir hafa séð og heyrt og hljóti skaða af.

Strákarnir voru sammála um að þeir hefðu viljað fá meiri kynfræðslu en þar sem um persónulegt og oft viðkvæmt málefni er að ræða telja þeir það skipta máli hver sinnir fræðslunni. Þeir telja það ekki á valdi hvaða kennara sem er að sinna slíkri fræðslu vel. Bæði komu fram dæmi um að kennarar hefðu verið of nálægt nemendum í aldri og byggt kennsluna á eigin reynslu, sem þótti afskaplega óþægilegt, og eins komu fram dæmi um kennara sem voru of gamlir. Daði hafði t.d. fengið kynfræðslu frá eldri konu sem hann segir hafa verið einn besta kennara skólans og honum þótti afar óþægilegt að

fá slíka fræðslu frá henni: „[...]já eða maður vildi ekki heyra þetta frá þessari manneskju.“ Ari sagði svipaða sögu: „Það var líka ein sem talaði um að eitthvað að gamalt fólk er líka alveg að ríða og þú veist maður var í 8. eða 9. bekk og maður var bara eitthvað „Ég vildi ekkert vita þetta“ og eitthvað svona þú veist.“

Reynsla viðmælenda af kynfræðslu í skólakerfinu er þó ekki alslæg. Aðspurðir um góða kynfræðslu nefndu nokkrir viðmælendur Ástráð, félag læknanema sem tekur að sér fræðslu í framhaldsskólum, og einhverjir nefndu fyrirlestur frá Sigu Dögg. Í báðum tilfellum er um ungt fólk að ræða sem þekkt er fyrir að tala hispurslaust um kynlíf og samskipti. Elías upplifði þó fræðslu Ástráðs sem svolítið kjánalega því nemendur voru látnir fara í leik þar sem þeir áttu að finna eins mörg orð og þeir gátu yfir typpi og píku. Hann telur að ef kynfræðsla í grunnskóla væri markvissari og betri þá væru nöfn yfir kynfæri ekki svona mikið tabú og svona leikir væru óþarfi. Nokkrir viðmælendur nefndu sem dæmi um góða kynfræðslu vera tíma þar sem umræðuefnið væri að fræða nemendur um muninn á kynlífi og klámi. Þeir voru allir sammála um mikilvægi þess að fræða nemendur um klám og hversu ólíkt það er raunverulegu kynlífi. Þeir eru meðvitaðir um áhrif kláms á hugmyndir ungra karla um kynlíf og eru á einu máli um nauðsyn þess að brjóta upp þessa ímynd með fræðslu um kynlíf sem samspil milli tveggja aðila. Daði rammaði þá umræðu vel inn þegar hann talaðu um að góð kynfræðsla snerist ekki bara um líkamann og kynfærin heldur um manneskjurnar sem eiga líkamann og kynfærin og tengslin þeirra á milli.

Samanburður á upplifun

Bæði stelpurnar og strákarirnir töldu þá kynfræðslu sem þau hafa fengið í skólakerfinu ekki nægilega góða. Ein af kvenkyns viðmælendunum sagði að ef hún hefði fengið betri fræðslu hefði hún átt auðveldara með að setja mörk þegar kemur að kynlífi, verið m.a. óhræddari við að segja nei þegar hana langaði ekki til og öruggari með að stunda kynlíf á sínum eigin forsendum. Einn karlviðmælandi taldi afar mikilvægt að rætt væri við unga stráka um frammistöðukvíða, sem hann telur marga stráka kljást við. Aðeins var misjafnt hversu mikla fræðslu viðmælendur hefðu fengið en öll söknuðu þau þess að fá ekki fræðslu um tilfinningar og samskipti. Það skiptir máli hvernig kynfræðsla er sett upp og eins hver það er sem kennir hana. Þau höfðu nánast öll upplifað óþægilega og vandræðalega kynfræðslustund sem skildi ekkert eftir sig nema kjánahroll. Ungu fólkið er sammála um mikilvægi þess að sá sem stjórnir fræðslunni sé öruggur og ófeiminn, að krakkar fái fræðslu um klám og að í kynfræðslutímum sé lögð áhersla á samtal milli nemenda og kennara. Aðspurð sögðust allir viðmælendur viljað hafa fengið meiri og markvissari kynfræðslu.

Umræður

Í þessum hluta eru samantekt og umræður um niðurstöðurnar og hvaða hlutverki þær geta sinnt í því að vekja athygli á og koma á jákvæðum og uppbyggilegum umræðum um kynlífsmenningu ungmenna (og þeirra eldri) í samfélaginu í dag. Fyrst verður skoðað hvernig upplifun karlkyns viðmælenda okkar rímar við upplifun kvennanna úr rannsókn Kolbrúnar. Í því felst að það verður litið aðeins nánar á þá þætti sem mynda upplifun þeirra af kynlífsmenningu íslenskra ungmenna og enn fremur hvernig mætti stuðla að bættri kynlífsmenningu.

Samanburður á upplifun kynjanna

Þegar rannsóknirnar tvær eru bornar saman þá er áhugavert að sjá hversu sammála viðmælendur eru í raun um kynlífsmenningu ungs fólks. Upplifun þeirra er að það sé ákveðin kynlífsmenning sem er ríkjandi þrátt fyrir að það séu ekki allir sem taka þátt í henni. Í jafningjamenningu þeirra ríkja hugmyndir um hvenær sé æskilegast að hafa prófað að stunda kynlíf, hversu mikla reynslu þau eiga að hafa af kynlífi, hvernig þau þurfa að snyrta og sinna líkamanum til þess að teljast gjaldgeng í þessa kynlífsmenningu og svo allskyns hugmyndir um hvað sé „eðlilegt kynlíf“.

Það er ljóst að bæði stelpur og strákar upplifa þrýsting frá vinnuþingnum sínum, bæði kynin eiga sína fyrstu kynlífsreynslu með öðrum vegna utanaðkomandi þrýstings og bæði kyn eru sammála um að það ríkir ekki kynjajafnrétti í kynlífi ungs fólks. Kynlíf er nokkuð fyrirferðarmikið í daglegu lífi ungs fólks og í gegnum orðræðuna leynist gjarnan þrýstingur á að gera eins og hinir. Strákar upplifa aðallega þrýsting frá öðrum strákum en stelpur upplifa þrýsting bæði frá stelpum og strákum. Fyrsta kynlífsreynslan er oftast en ekki stunduð með það í huga að klára hana af og oftast en ekki finnst þeim að hugmyndirnar um hvenær fyrsta kynlífsreynslan á að hafa átt sér stað sé of snemma.

Kynlífs- og klámvæðing hafa töluverð áhrif á hugmyndir, upplifun og kynlífshegðun ungmenna. Þar sem stöðug aukning er á framboði kláms og sífelldu auðveldara virðist vera að nálgast gróft klám sem inniheldur mikið ofbeldi hafa bæði kynin áhyggjur af tengingu kláms við kynlíf. Ungu fólkið gerir sér grein fyrir því að klám er ekki góð kynfræðsla en á sama tíma leita þau í klám sem uppsprettu hugmynda. Í klámi eru konur í langflestum tilfellum undirskipaðar körlum og þá í mynd taka ungmennin með sér yfir í sitt kynlíf.

Viðmælendur okkar, bæði ungu konurnar og karlarnir, viðurkenndu að ekki væri óalgengt að stelpur legðu sig fram við að þóknast strákum og samþykkja því að taka þátt í kynlífsathöfnum gegn eigin löngunum. Það rímar vel við kenningar Aapola og félaga (2004) og er til þess fallið að stelpur verða undirskipaðar í kynlífinu og strákarnir hafa því valdið í sínum höndum. Aðrar birtingarmyndir kynjaójafnréttis má sjá m.a í því

að strangari reglur gilda um útlit stelpna og eins um kynhegðun þar sem strákar eru kóngar og stelpur druslur fyrir sömu hegðun. Strákarnir nefndu þó einnig ákveðinn þrýsting á útlit og frammistöðu sína sem virðist vera afleiðing klámvæðingar samfélagsins. Viðmælendur óska eindregið eftir því að kynfræðslu verði gefið meira rými og að félagslegu hliðum kynfræðslunnar verði gert hærra undir höfði.

Bæði kynin telja sig tapa á klámvæðingunni og því kom ítrekað fram löngun þeirra til að fá betri kynfræðslu þar sem rætt væri m.a. um muninn á kynlífi og klámi. Hið gagnkynhneigða kynlífshandrit virðist samkvæmt þessum tveimur rannsóknum vera fremur stíft og lítið svigrúm til fjölbreytileika. Hafa ber þó í huga að þar sem um eiginlega rannsókn er að ræða er ekki hægt að alhæfa um niðurstöður heldur gefa þær aðeins vísbendingu um stöðu kynlífsmenningar unglunga í dag.

Lokaorð

Hér hefur verið reifuð upplifun ungra íslenskra karla af kynlífsmenningu jafningjahóps síns og hún borin saman við upplifun ungra íslenskra kvenna af sama fyrirbæri eins og hún birtist í rannsókn Kolbrúnar Hrundar Sigurgeirsdóttur frá árinu 2015. Margt áhugavert hefur komið fram í þessari rannsókn sem bendir til þess að kynlífsmenning íslenskra ungmenna sé ekki á þeim stað sem þau sjálf hefðu kosið. Í raun eru meginskilaboð þátttakenda úr báðum rannsóknum að þeir hefðu kosið að vera betur undirbúnir til að takast á við þær hugmyndir sem eru ríkjandi um „eðlilega kynlífshegðun“ þegar þeir komust á unglingsárin. Á meðan sumir töluðu um að hafa fengið vel heppnaða kynfræðslu voru flestir á því að þeirri kynfræðslu hefði verið verulega ábótavant. Allir þátttakendur hefðu viljað fá meiri fræðslu sem hefði byrjað fyrr og að farið hefði verið mun meira inn á muninn á kynlífi og klámi, umfjöllun um tilfinningar, samskipti og mörk.

Með það í huga að rannsóknin gefur okkur einungis vísbendingar um hvernig kynlífsmenning er í samfélagi gagnkynhneigðra nemenda í skólakerfinu væri verulega áhugavert að hrinda þriðju rannsókninni af stað þar sem rýnt væri í upplifun hinsegin ungmenna á kynlífsmenningu framhaldsskólanema.

Tillögur

Tillögur skýrsluhöfunda eru eftirfarandi:

- Kynfræðsla í skólakerfinu verði tekin til endurskoðunar og fræðslan bætt á þann máta að nemendur fái fyrir kynfræðslu þar sem þeir læra um að virða eigin mörk mörk og mörk annarra. Eldri nemendur fái kynfræðslu þar sem áherslan verði á jákvæða fræðslu þar sem virðing fyrir einstaklingnum er í forgrunni og unnið gegn skaðlegum hugmyndum um að konur séu í þjónustuhlutverki í kynlífi á meðan karlar njóta þeirra.
- Að hluti af kennaramenntun fyrir grunnskólastig bjóði upp á góða, alhliða fræðslu um þessi efni þannig að kennarar séu í stakk búnir til þess að taka þessa fræðslu að sér og sinna henni eins vel og kostur er á.
- Ný rannsókn á upplifun hinsegin nemenda af kynlífsmenningu jafningjahópsins verði framkvæmd og að niðurstöður úr þeirri rannsókn verði notaðar til þess að mögulega bæta kynfræðslu á grunnskólastiginu.

Heimildaskrá

- Aapola, Sinikka, Marnina Gonick og Anita Harris. (2004). *Young femininity: Girlhood, power and social change*. London: Palgrave Macmillan.
- Aðalnámskrá grunnskóla*. (2011/2013). Almennur hluti 2011: Greinasvið /2013.
- Ásta Jóhannsdóttir og Kristín Anna Hjálmsdóttir. (2011). Skaðleg karlmennska? : greining á bókinni Mannasiðir Gillz. *Netla-Veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt 20. febrúar 2017 af <http://netla.hi.is/greinar/2011/ryn/002.pdf>
- Ástrós Erla Benediktsdóttir. (2016). *Kynhegðun, kynheilbrigði og klámáhorf framhaldsskólanema*. MA-ritgerð. Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.
- Birger, Jon. (2015). *Date-onomics: How Dating Became a Lopsided Numbers Game*. New York: Workman.
- Bogle, Kathleen. (2008). *Hooking Up: Sex, Dating and Relationships on Campus*. New York: New York University Press.
- Butler, Judith. (2006). *Gender Trouble. Feminism and the Subversion of Identity*. New York: Routledge Classics.
- Connell, Raewyn .W. (1987). *Gender and power*. Cambridge UK: Polity Press.
- Dines, Gail. (2010). *Pornland: How Porn Has Hijacked Our Sexuality*. Boston: Beacon Press.
- Donevan, Meghan og Magdalena Mattebo. (2017, júní). The relationship between frequent pornography consumption, behaviours, and sexual preoccupation among male adolescents in Sweden. *Sexual & Reproductive Healthcare*, 12, 82-87.
- Escoffier, Jeffrey. (2007). Scripting the sex: Fantasy, narrative, and the sexual scripts in pornographic films. Í Kimmel, M.S (ritstjóri). *The sexual self: The constructing of sexual scripts* (61-80). Nashville: Vanderbilt university press.
- Fine, Michael. (1988). Sexuality, schooling, and adolescent females: The missing discourse of desire. *Harvard Educational Review*, 58 (1), 29-53.
- Geertz, Clifford. (1973). *The interpretation of cultures*. New York: Basic books Inc. Publishers.
- Gerður Bjarnadóttir og Guðný Guðbjörnsdóttir. (2011). Kynjakerfið og viðhorf framhaldsskólanema. *Netla-Veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt 10. maí 2017 af: <http://netla.hi.is/greinar/2011/ryn/001.pdf>

- Guðbjörg Hildur Kolbeins. (2016). Klámnotkun íslenskra framhaldsskólanema. Í Helga Ólafsdóttir og Thamar M. Heijstra (ritstj.) *Þjóðarspejillinn XVII*. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2016, bls. 1-13. Reykjavík.
- Gyða Margrét Pétursdóttir. (2012). Styðjandi og mengandi kvenleiki innan áru kynjajafnréttis. *Íslenska þjóðfélagið*, 3, 5-18. Sótt 10. maí 2017 af <http://www.thjodfelagid.is/index.php/Th/article/view/35/pdf>
- Holland, Janet, Caroline Ramazanoglu, Sue Sharpe og Rachel Thomson. (1998). *The male in the head: young people, heterosexuality and power*. London: Tufnell press.
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2004). *Karlmennska og jafnréttisuppeldi*. Reykjavík: Rannsóknarstofa í kvenna- og kynjafræðum.
- Jóna Ingibjörg Jónsdóttir. (2009). Heilbrigt kynlíf, fræðsla og félagsmótun. *Kynlíf: Heilbrigði, ást og erótík*. Reykjavík: Bókaútgáfan Opna.
- Kimmel, Michael. (2008). *Guyland: The Perilous World Where Boys Become Men*. New York: HarperCollins.
- Kolbrún Gunnarsdóttir, Reynir Tómas Geirsson, Eyjólfur Þorkelsson, Jón Þorkell Einarsson, Ragnar Freyr Ingvarsson og Sigurbjörg Bragadóttir. (2008). Viðhorf og þekking 16 ára unglunga á kynlífstengdu efni. *Læknablaðið*, 94(6), 453-460.
- Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir. (2015). „Strákar geta haft svo mikil völd.“ *Upplifun stúlkna á kynlífsmenningu framhaldsskólanema*. MA-ritgerð. Háskóli Íslands, Stjórn málafræðideild.
- Leitenberg, Harold, Mark J. Detzer, og Debra Srebnik. (1993). Gender differences in masturbation and the relation of masturbation experience in preadolescence and/or early 94 adolescence to sexual behavior and sexual adjustment in young adulthood. *Archives of Sexual Behavior*, 22, 87-98.
- Lög um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir nr. 25/1975.*
- Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Jón Sigfússon, Álfgeir Logi Kristjánsson, Hrefna Pálsdóttir og Inga Dóra Sigfúsdóttir. (2010). *The nordic youth research*. Sótt 26. apríl 2016 af: <http://www.rannsoknir.is/media/rg/skjol/Nordic-Youth-Research-DescriptiveReport.pdf>
- Mattebo, Magdalena, Tydén, Tanja, Häggström-Nordin, Elisabet, Nilsson, Kent W., Larsson, Margareta. (2014, apríl). Pornography and Sexual Experiences Among High School Students in Sweden. *Journal of Developmental & Behavioral Pediatrics*: 35(3), 179–188.

- Meghan, Donevan og Magdalena Mattebo. (2017). The relationship between frequent pornography consumption, behaviours, and sexual preoccupancy among male adolescents in Sweden. *Sexual & Reproductive Healthcare*: 12, 82-87.
- Morris, Alex. (2014, 31. mars). Tales From the Millennials' Sexual Revolution. *Rolling Stone*.
- Mulvey, Laura. (2003). Sjónræn nautn og frásagnarkvikmyndin, (Heiða Jóhannesdóttir þýddi). Í Guðni Elíasson (ritstjóri), *Áfangar í kvikmyndafræðum*. (Upphafleg grein kom út 1975). Reykjavík: Forlagið.
- Plummer, Ken. (2012). The social reality of sexual rights. Í P. Aggleton og R. Parker (ritstjórar), *Routledge Handbook of Sexuality, Health and Rights* (bls. 45-55). London, New York: Routledge.
- Rosin, Hanna. (2012). *The end of men: and the rise of women*. New York, Riverhead: The Atlantic.
- Russell, Diana. (1993). Introduction. Í Diana E.H. Russell (ritstjóri), *Making violence sexy: Feminist views on pornography* (bls. 1-20). New York: Teachers college press.
- Sciortino, Karley. (2015, 9. september). Breathless: In Defence of Hookup Culture. *Vogue*. Sótt 22. september 2017 af <https://www.vogue.com/article/breathless-karley-sciortino-hookup-culture-casual-sex>
- Sóley S. Bender. (2013). Samræður í rýnihópum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 299-313). Akureyri: Ásprent Stíll ehf.
- Sóley S. Bender. (2006a). Kynlífsheilbrigði: Frá þögn til þekkingar [rafræn útgáfa]. *Tímarit hjúkrunarfræðinga*, 4, 46-50. Sótt 22. september 2017 af <http://www.hirsla.lsh.is/lsh/bitstream/2336/7720/3/H2006-04-82-F2.pdf>
- Sóley S. Bender. (2006b). Kynlífsheilbrigði: Þörf fyrir stefnumótun [rafræn útgáfa]. *Tímarit hjúkrunarfræðinga*, 4, 48-52.
- Taylor, Kate. (2013 12. júlí). Sex on Campus: She can Play that Game, too. *New York Times*. Sótt 22. september 2017 af <http://www.nytimes.com/2013/07/14/fashion/sex-on-campus-she-can-play-that-game-too.html?pagewanted=all>
- Taylor, Steven .J. og Robert Bogdan. (1998). *Introduction to Qualitative Research Methods* (3. útgáfa). New York: John Wiley and sons.

- Toerien, Merran. og Sue Wilkinson. (2003). Gender and body hair: Constructing the feminine woman. *Women's studies international forum*, 26, 333-344. Doi:10.1016/S0277- 5395(03)00078-5
- Tolman, Deborah, Meg I. Striepe og Ikicia Harmon. (2003). Gender matters: Constructing a model of adolescent sexual health. *Journal of Sex Research*, 40, Doi:10.1080/00224490309552162
- UNESCO. (2002). *Universal declaration on cultural diversity*. Sótt 10. maí 2017 af: http://www.unesco.org/education/imld_2002/unversal_decla.shtml
- Wade, Lisa. (2017). *American Hookup: The New Culture of Sex on Campus*. New York: W.W. Norton & Company Ltd.
- Walby, Sylvia. (1990). *Theorizing patriarchy*. Oxford: Blackwell.
- World Association for Sexual Health (WAS). (2013). *Working Definitions after WHO Technical Consultation on Sexual Health*. World association for sexual health. Sótt 22. september 2017 af <http://176.32.230.27/worldsexology.org/wp-content/uploads/2013/08/working-definitions-after-who.pdf>
- Þorgerður Einarsdóttir. (2006). Kynjakerfið: Úrelding í augsýn eða viðvarandi kynjahalli? *Rannsóknir í félagsvísindum VII*. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2006 (Úlfar Hauksson ritstjóri), bls. 445-456. Reykjavík. Sótt 13. maí 2017 af http://uni.hi.is/baldurt/files/2012/10/F%C3%A9lagsv%C3%ADsindab%C3%B3k_2006.pdf